

TÖLVUMÁL

Tímarit Skýrslutæknilags Íslands | 1. töl. | 31. árgangur | júní 2006

/ ský /

Meðal efnis:

- Neytendur taka völdin
- Kröftugar UT-konur
- Nýr vettvangur afþreyingar
- Ábyrgð á Netinu
- Í „fróðtækni“ frá 1962



Nýjar leiðir í fjölmiðlun og afþreyingu



Stundum er gott að hafa skrifstofuna með sér og geta svarað símtölum og áriðandi tölvupósti hvar sem er í heiminum. Með HP iPAQ hw6515 geturðu verið í þráðlausum samskiptum við umheiminn án kostnaðarsamrar viðbótarþjónustu.

Sími + Lófátölva + Internet + GPS staðsetningartæki

- ✓ GSM sími, Quad-Band með Bluetooth fyrir handfrjálstan búnað
- ✓ GPRS/EDGE netsamband sem virkar á öllum GSM kerfum
- ✓ Outlook heldur utan um tölvupóst, tengiliði, dagatal og verkefnalista
- ✓ Hægt er að skoða PDF og PowerPoint skjöl
- ✓ Word og Excel hugbúnaður gerir þér kleift að vinna á ferðinni
- ✓ Windows Media Player til að horfa á video og hlusta á MP3
- ✓ Skoðaðu vefsíður í Internet Explorer hvar sem er
- ✓ GPS staðsetningartæki með TomTom kortahugbúnaði
- ✓ Myndavél með flassi sem getur tekið hreyfimyndir
- ✓ Mikið úrval viðbótar hugbúnaðar og tölvuleikja



HP iPAQ hw6515
kr. 69.900

OPIN KERFI

Opin kerfi ehf. er eini viðurkenndi innflutnings-, sölu-, og þjónustuaðili á tölvubúnaði frá HP á Íslandi og er í nánú samstarfi við sölu- og þjónustuaðila um land allt.

Tölvumál er vettvangur umræðna og skoðanaskipta um upplýsingatækni sem og fyrir málefni félagsins. Óheimilt er að afrita á nokkurn hátt efni blaðsins að hluta eða í heild nema með leyfi viðkomandi greinahöfunda og ritstjórnar. Blaðið er gefið út í 1.200 eintökum.

Umbrot:
360° ehf.

Prentun:
Litlaprent

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Halldór Jón Garðarsson

Aðrir í ritstjórn:
Jón Heiðar Þorsteinsson
Hákon Davíð Halldórsson
Þorvarður Kári Ólafsson
Stefán Hrafn Hagalín
Guðmundur Pálsson

Aðsetur:
Laugavegi 178, 2. hæð
105 Reykjavík
Sími: 553 2460

Netfang:
sky@sky.is

Heimasíða:
<http://www.sky.is>




Framkvæmdastjóri Ský:
Hólmfríður Arnardóttir



Aðstoðarmaður framkvæmdastjóra:
Sóley Jensdóttir

Áskrift er innifalin í félagsaðild að Skýrslutæknifélagi Íslands.

TÖLVUMÁL



4	Ritstjórapistill
6	Efnisgáttir njóta mikilla vinsælda
8	Kröftugar UT-konur
12	ADSL sjónvarp
14	Neytendur hafa tekið völdin
18	Leikur einn - Nýjar leikjatölvur
22	Hljóð og mynd í farsíma og lófatölvur
24	Stafræn afþreying á heimilinu
26	Ábyrgð þeirra sem skrifa á Netinu
28	Hugbúnaður réði gátuna
30	CeBIT 2006
34	Örn Kaldalóns heiðursfélagi Ský
36	Í eilífri leit að eðli fjölmiðlunar á Netinu
38	Íslenskt hugvit - alþjóðleg lausn
40	Ákall frá öldungadeild
41	Eyður skrifar
42	Fundir og atburðir fyrri hluta ársins 2006



// Halldór Jón Garðarsson

Skýrslutæknifélag Íslands

Skýrslutæknifélag Íslands er félag einstaklinga, fyrirtækja og stofnana á sviði upplýsingatækni. Markmið félagsins eru m.a. að breiða út þekkingu á upplýsingatækni og stuðla að skynsamlegri notkun hennar og að skapa vettvang fyrir faglega umræðu og tengsl milli félagsmanna. Starfsemin er aðallega fólgin í, auk útgáfu tímarits, að halda fundi og ráðstefnur með fyrirlesturum og umræðum um sérhæfð efni og nýjungar í upplýsingatækni.

Félagsaðild er tvenns konar; aðild gegnum fyrirtæki og einstaklingsaðild. Greitt er fullt félagsgjald fyrir fyrsta mann frá fyrirtæki, hálf fyrir annan og fjórðungsgjald fyrir hvern félaga umfram tvo frá sama fyrirtæki. Einstaklingar greiða hálf gjald. Félagsgjöld 2006 eru: Fullt gjald: kr. 19.600, hálf gjald: kr. 9.800 og fjórðungsgjald: kr. 4.900. Aðild er öllum heimil.

Stjórn Skýrslutæknifélags Íslands:**Formaður:**

Svana Helen Björnsdóttir

Varaformaður:

Þorvaldur Jacobsen

Gjaldkeri:

Jóhann Kristjánsson

Meðstjórnendur:

Einar H. Reynis, Ebba Þóra

Hvannberg, Eggert Ólafsson

Varamenn:

Halldór Jón Garðarsson

Ólafur Aðalsteinsson

Siðanefnd:

Erla S. Árnadóttir, formaður

Gunnar Linnet

Snorri Agnarsson

Orðanefnd:

Sigrún Helgadóttir, formaður

Baldur Jónsson

Þorsteinn Sæmundsson

Örn Kaldalóns

Persónuvernd, fulltrúi Ský:

Svana Helen Björnsdóttir

Arnaldur Axfjörð

Fagråd í upplýsingatækni (FUT), fulltrúi Ský:

Eggert Ólafsson

Einar H. Reynis, til vara

Við lifum á tímum stafrænnar byltingar. Setning sem oft hefur verið sögð og rituð á síðustu árum enda undirritaður ekki að reyna að afhjúpa nein leyndarmál. Einnig er ljóst að hvort sem um er að ræða fyrirtæki, stofnanir eða einstaklinga þá erum við gjörsamlega háð tækni.

Maður hugsar stundum um hvernig var að starfa í skrifstofuumhverfi fyrir tilkomu tölvupósts og Netsins. Hvernig náðust fram þær kröfur um skilvirkni og framleiðni starfsmanna sem settar eru í dag? Svarið við þessari spurningu er í raun í þá veru að í takt við nýja tækni verða kröfurnar meiri. Kröfur um meiri arðsemi fyrirtækja og aukin þægindi og einfaldleika í starfi verða hávæðari þar sem tölvubúnaðurinn verður sífellt fullkomnari.

Almenningur hér á landi er jafnframt afar fljótur að tileinka sér nýja tækni og t.a.m. eru 80 af hverjum 100 heimilum nettengd. Framboð af afþreyingu á Netinu og í gegnum myndveitur er gríðarlega mikið og endurspeglast sú mynd í þessu tölublaði Tölvumála. Augljóst þykir að úttektin í blaðinu er hvergi tæmandi en gefur lesendum þó ágæta innsýn í það sem í boði er og tæknina sem býr að baki.

Einnig er fjallað um starfið innan Ský, t.d. skemmtilegt viðtal við þrjár konur sem starfa í upplýsingatæknigeiranum sem og viðtal við Örn Kaldalóns, heiðursfélaga Ský, en hann hefur starfað í upplýsingatækni frá árinu 1962.

En þrátt fyrir að við lifum á tímum stafrænnar byltingar gefur Ský áfram út Tölvumál á pappírformi. Ætti Ský eingöngu að birta greinar, viðtöl og fréttir á sky.is og senda út veftímarit einu sinni til tvisvar á ári í stað pappírstímarits? Tölvuheimur er t.a.m. orðinn að veftímariti.

Eftir minni bestu vitund er Tölvumál eina fagttímaritið í upplýsingatækni sem gefið er út á pappírformi á Íslandi í dag. Því er ekki að leyna að það er nokkuð broslegt þar sem hugsanlega ætti fagfélag í upplýsingatækni á borð við Ský að nýta tæknina til hins ítrasta og spara í pappírnotkun.

Hins vegar er það þó þannig að samkvæmt árlegum könnunum sem Ský gerir á meðal félagsmanna vill mikill meirihluti svarenda áfram fá blaðið á pappírformi. Því má í rauninni segja að félagar í Ský, fólkið sem lifir og hrærist í upplýsingatækni á Íslandi, vilji halda í það „gamla“ að vissu leyti. Í þessu samhengi má minnst á vangaveltur um útrýmingu dagbláða, tímarita og jafnvel bóka sem skjóta stundum upp kollinum þegar fjallað er um þá miklu ásókn í netmiðla og raun ber vitni. Ljóst er að þarna er um afar svartsýnar hugmyndir að ræða og einhverjir myndu segja að þær væru barnalegar. Þegar öllu er á botninn hvolft gefur Skýrslutæknifélag Íslands – Ský – enn út Tölvumál á pappírformi og svo mun sennilega verða um ókomna tíð.



IP símaþjónusta

Átta ástæður til að skipta yfir í IP símaþjónustu Nýherja

- 1 Alltaf til taks**
Aðeins eitt símanúmer fyrir borðsíma og GSM sem tryggir að hægt er að ná í starfsmenn hvar og hvenær sem er.
- 2 Enginn stofnkostnaður**
Engin fjárbinding í vélbúnaði – Fastar mánaðarlegar greiðslur.
- 3 Lægri símakostnaður**
Símtöl flutt yfir gagnanetið í stað símalína sem lækkar símakostnað verulega.
- 4 Ókeypis símtöl**
Öll símtöl innan fyrirtækis geta verið ókeypis þótt starfsemin sé dreifð.
- 5 Símtöl erlendis á innanlandstaxta**
Starfsstöðvar erlendis og starfsmenn á ferðalagi geta átt samskipti við Ísland á innanlandstaxta.
- 6 Fundir á ferðinni**
Auðvelt að setja upp símafundi, bæði í borðsímum og GSM.
- 7 Tölvusími**
Hægt að hringja beint úr tölvunni.
- 8 Færanleiki**
Auðvelt að flytja símtöl úr borðsíma í farsímann þegar þú þarft að vera á ferðinni.

Hafðu samband við UT ráðgjafa Nýherja sem bjóða þér faglega ráðgjöf á því hvernig þú getur aukið þjónustu þíns fyrirtækis og um leið lækkað kostnað.

Síminn er 569 7700 og netfangið er ut@nyherji.is



Efnisgáttir

njóta mikilla vinsælda

segja upplýsingafulltrúar Og Vodafone og Símans

Í samræmi við aukna tækni á sviði GSM síma hefur vöruframboð á ýmis konar þjónustu fyrir notendur vaxið til muna síðastliðin misserin. Efnisgáttir fyrir GSM síma gera notendum kleift að ná í fjölbreytta þjónustu í gegnum GSM símann, svo sem myndskleið, fréttir, tölvuleiki, MP3 hringitóna og margt fleira. Að sögn þeirra Evu Magnúsdóttur, upplýsingafulltrúa Símans, og Gísla Þorsteinssonar, upplýsingafulltrúa Og Vodafone, njóta efnisgáttir fyrir GSM síma mikilla vinsælda á meðal fólks í ýmsum aldurshópum og sjá þau fram á spennandi tíma á þessu sviði þar sem þróunin sé afar hröð.

Efnisgáttir Og Vodafone og Símans nefnast annars vegar Vodafone live! og hins vegar Dælan en grunnurinn á bak við tæknina er svokölluð EDGE tækni - Enhanced Data Rates for Global Evolution - sem margfaldar flutningsgetu í farsímum viðskiptavina. „Til að senda og sækja efni frá farsímum er notast við nokkrar mismunandi gerðir af burðarlagi. SMS hefur hingað til verið mikilvægasta burðarlag fyrir gagnaflutning í GSM og bjóðað mörgum gerðum af þjónustu. Á síðustu árum hafa bæst við nýir möguleikar eins og GPRS og Edge – EGPRS - sem bjóða mun hraðvirkari flutning á gögnum. Ofan á þessi tvö burðarlög eru sett „hærri“ samskipti eins og samskipti við vafra, flutningur á MMS skýtum eða samskipti við önnur forrit í GSM tækinu. Með GPRS og EDGE eru símtækin að tengjast við Internetið yfir pakkaskipta samskiptamáta IP og þá má segja að Internetið sé komið í farsímann. Næsta kynslóð farsímakerfa, þ.e. 3. kynslóðin, mun svo hafa ennþá hraðari gagnaflutning,“ segir Eva.

Mismunandi leiðir eru í boði til að kaupa þá afþreyingu sem símafyrirtækin bjóða upp á í gegnum GSM síma. Viðskiptavinir Símans geta t.d. sótt efni

gegnum Netið í GSM símanum, með VIT valmynd eða sent SMS á ákveðið þjónustunúmer til að panta þjónustuna en Eva segir að mesta úrvalið sé í gegnum Netið, annað hvort í GSM símanum eða í tölvunni. Og Vodafone er hins vegar með sérstaka Vodafone live! GSM síma sem þarf til þess að notfæra sér þjónustuna. „Um er að ræða hefðbundna GSM síma nema að þeir gera notendum sínum einnig mögulegt að tengjast Vodafone live!. Með Vodafone live! er hægt að sækja mikið úrval af innlendum og erlendum MP3 hringitönnum, skoða mörk úr ensku úrvalsdeildinni og Meistaradeild Evrópu, nýjustu farsímaleikina, fréttir frá NFS og margt fleira,“ segir Gísli.

Hæsta verð 499 krónur

Spurð um verð á þjónustunni segja Eva og Gísli að hringitónar, skjá- og hreyfimyndir kosti að hámarki 199 krónur en hæsta verð á leikjum sé 499 krónur. „Verðið er í raun misjafnt eftir um hvaða efni er að ræða og í hvaða gæðum það er,“ segir Eva og að sögn Gísla eru oft tilboð til notenda sem geri þeim mögulegt að kaupa þjónustu á lægra verði.



En hvernig er innheimt fyrir þá afþeygingu sem notendur velja sér?

„Það er dregið af símareikningi en notendur eiga senn kost á því að fylgjast með notkun í gegnum sérstakan þjónustuvef Og Vodafone,“ segir Gísli. Hann segir að í Vodafone live! kosti ekkert að skoða efni og notandi sé ávallt látinn vita hvað þjónustan kostar um leið og hann hyggst sækja sér efni. Eva segir það mismunandi hvernig innheimt er fyrir afþeyginguna, en iðulega sé rukkað þegar viðskiptavinurinn hafi fengið efnið sent í símann sinn. „Þannig er komið í veg fyrir að viðskiptavinir greiði fyrir efni sem þeir móttaki ekki í símann sinn. Gjaldfærsluleiðir eru nokkuð margar og mjög háðar því hvaða efni eða um hvaða þjónustu er að ræða,“ segir Eva.

„Framtíðin er mjög spennandi“

Tæknin á bak við GSM símana er í stöðugri þróun og því er ekki úr vegi að spyrja þau Evu og Gísla um hvernig þau sjái framtíðina fyrir sér á þessu sviði. „Framtíðin er mjög spennandi,“ segja þau nánast í kór og segir Gísli að GSM notendur erlendis geti nú þegar valið sér heil lög sem þeir geta svo hlaðið í GSM símann sinn. „Einnig eru fjarskiptafyrirtæki og símaframleiðendur úti í heimi áhugasamir um beinar útsendingar og sjónvarpsefni í gegnum simtækin. Hvenær slík þjónusta verður svo að veruleika hér á landi er erfitt að segja en það eru engu að síður spennandi tímar framundan.“ Eva bætir við að möguleikar í þjónustuframboði farsímafélaganna fari einnig mikið eftir þeirri þróun sem á sér stað í simtækjunum sjálfum og í aðgangsnæmum. „Sú þróun sem þar á sér helst stað er aukin innbyggð minni í símunum, stærri og betri skjáir, innbyggðir tónlistaspilarar, fleiri tengimöguleikar eins og við þráðlaus net (802.11 WLAN) og UMTS. Þá er mikið að gerast í tengingu sjónvarps og farsíma annað hvort með streymi yfir farsímakerfið eða með stafrænni sjónvarpssendingu yfir DVB-H beint í farsíma. Þetta kallar að sjálfsgöngu á fjölbreyttara og skemmtilegra efni, þ.e. meiri grafík, alvöru tónlist, streymi, gagnvirka leiki, myndstreymi o.s.frv.,“ segir hún.



Áslaug María Fríðriksdóttir



Berglind Káradóttir

Kröftug



/ konur í upplýsingatækni /



Margrét Harðardóttir

gagar UT-konur

Oft hefur því verið fleygt fram að konur hafi ekki jafn mikinn áhuga á tölvum og tækni eins og karlar og það útskýri hvers vegna konur eru ekki fleiri í störfum tengdum tölvum og raun ber vitni. Tölvumál fór því á stjór og tók viðtöl við þrjár áhugaverðar konur í ólíkum störfum í tölvugeiranum.

// Berglind Káradóttir

Við hvað starfar þú?

Ég er margmiðlunarforritari hjá fyrirtækinu Gagarín ehf. Ég hef verið yfirforritari í ýmsum stórum verkefnum, svo sem margmiðlunarsýningunni í grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands, og einnig verkefnisstjóri í minni verkefnum, t.d. í væntanlegu margmiðlunarsetri í Landnámsskólanum við Aðalstræti.

Hvaða nám/námsgráðu hefur þú, hvar hefur þú lært og hve lengi?

Eftir stúdentspróf tók ég fyrst kerfisfræði við Háskólann í Reykjavík og kláraði svo þaðan B.Sc. í tölvunarfræði með viðskiptafræði sem aukagrein. Þetta voru samtals þrjú ár í Háskólanum í Reykjavík. Því næst fór ég til London þar sem ég tók M.Sc. í Interactive Multimedia frá University of Westminster (12 mánuðir). Auk þessa hef ég farið á nokkur námskeið í ýmsu tengdu mínu starfi, t.d. sumarnámskeið í undirstöðuatriðum grafískrar hönnunar í

Wimbledon School of Art, o.fl.

Hvernig kom það til að þú ákvaðst að vinna við þetta?

Margmiðlun heillaði mig þar sem ég fann í henni vettvang til að vinna við tölvunarfræði á skapandi hátt, en það átti vel við mig. Í stað þess að vinna í „hreinni“ forritun, þ.e.a.s. eingöngu kóðavinnslu, býður margmiðlun upp á fjölbreytileika forritunar, myndvinnslu, hljóðvinnslu og hugmyndavinnu með fólki úr mörgum ólíkum geirum.

Hvað hefur þú starfað lengi á þessum vettvangi?

Ég kláraði mastersnámið fyrir rúmum 3 árum og hef starfað við þetta síðan.

Hvernig er vinnuumhverfið?

Vinnuumhverfið er mjög þægilegt, fjölbreytt og skapandi þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín, enda er stefnt að því að nýta hæfileika hvers og eins til að fá framúrskarandi heild. Í margmiðlun vinna oft náið saman hönnuðir, forritarar, handritshöfundar, kvikmyndagerðarmenn og fleiri. Vinna á þessu sviði verður svo sannarlega aldrei einhæf eða leiðgjörn.

Hvaða störf bjóðast þér með þessa menntun?

Forritun, ráðgjöf, verkefnisstjórnun og fleira. Fólk verður svolítið að velja og hafna.

Verður þú vör við að í þessari starfsgrein sé „karlaveldi“?

Auðvitað er enn ríkjandi sterkt karlaveldi í tölvugeiranum, en þó verð ég persónulega ekki mikið vör við það. Af föstum starfsmönnum innan þessa fyrirtækis eru nefnilega tæplega 50% kvenkyns. Okkar hlutfall lækkar þó til muna ef taldir eru með allir þeir verktakar sem koma að ýmsum verkefnum fyrirtækisins.



Áslaug María Friðriksdóttir

„**Að miklu leyti tel ég að ofangreint karlaveldi haldi mörgum konum frá geiranum og hann virðist þeim ekki eins spennandi og hann er nefnilega í raun og veru. Hann verður svona þínu táfýlulegur.**“

Berglind Káradóttir

„**En það verður að viðurkennast að þær verða enn að hafa mun meira fyrir því að sanna sig heldur en karlmenn, og í raun verða þær oft að vera töluvert betri til að eftir því sé tekið. Afar ósanngjarnt en svona virðist þetta ennþá vera.**“

Telur þú konur hafa jafn mikla möguleika á að ná langt á því sviði sem að þú ert á?

Já, það tel ég. En það verður að viðurkennast að þær verða enn að hafa mun meira fyrir því að sanna sig heldur en karlmenn, og í raun verða þær oft að vera töluvert betri til að eftir því sé tekið. Afar ósanngjarnt en svona virðist þetta ennþá vera.

Hvers vegna heldur þú að svona fáar konur starfi við tölvur?

Ætli það sé ekki einna helst út af því að lengi vel var bara litill á tölvur og forritun sem karlastarf, þó ég persónulega skilji ekki ástæðuna fyrir því. En kynjahlutfallið er að breytast mikið, okkur stelpunum fer fjölgandi.

// Áslaug María Friðriksdóttir

Í hverju felst starfið þitt?

Sjá ehf. aðstoðar fyrirtæki við að gera vefsíður og kerfi notendavæn og skilvirk. Segja má að ráðgjöfin okkar sé tvíþætt. Annars vegar að meta hvort hönnun eða uppsetning á vef eða kerfi er notendavæn og samkvæmt væntingum notenda. Þetta er afar mikilvægt að fara í gegnum áður en kostuð er markaðssetning á vef og fjölmörg dæmi sýna að margir eru enn að flaska á þessu. Hins vegar felst ráðgjöfin okkar í að aðstoða fyrirtæki við stefnumótun og þarfagreiningu á vefjum, bæði ytri sem innri vefjum. Til þess að gera þetta notum við ýmsar aðferðir eins og úttektir, viðtöl, rýnihópa, fylgjumst með fólki nota kerfi og hvernig því gengur að átta sig á virkni þess.

Hvaða nám/námsgráðu hefur þú, hvar lært, hve lengi?

Ég er með mastersgráðu (MSc) í Vinnusálfræði frá University of Hertfordshire í Englandi síðan 1995 sem ég tók nokkum veginn í kjölfar BA prófs í sálfræði frá Háskóla Íslands. Átti reyndar elsta barnið mitt þarna á milli. BA námið kláraði ég á þremur árum og MA námið var þriggja anna nám.

Hvernig kom það til að þú ákvaðst að vinna við þetta?

Ég get ekki sagt að ég hafi komið úr námi alveg ákveðin í að gera það sem ég er að gera í dag síður en svo. En áhuginn á þessu til viðbótar við það sem maður hefur lært og gert hefur kannski frekar komið mér í það sem ég er að

gera nú. Eftir að ég kom heim úr námi fór ég að vinna að ýmsum sjálfstæðum verkefnum sem tengdust Netinu, í samstarfi við félaga minn. Vefsíður voru þarna að líta dagsins ljós í mjög einfaldri mynd miðað við þær kröfur sem við gerum nú í dag, en hugmyndir þeirra sem eitthvað voru að þæla á þessum tíma voru hins vegar mjög metnaðarfullar enda netvæðingin á góðri siglingu. Ég held að ég hafi lært mikið af því að hafa verið að vasast í þessu þarna á frumstigi vefsíðugerðarinnar.

Fljóttlega eftir heimkomuna úr náminu tók ég að mér starf í félagsmálaráðuneytinu við mat á þjónustu og úrvinnslu tölulegra upplýsinga í tengslum við viðræður um flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Þegar útt ektinni lauk var ég fastráðin þar sem deildarsérfræðingur. Eftir nokkur afar skemmtileg og góð ár í félagsmálaráðuneytinu ákvað ég að fara í frekara nám, fékk námsleyfi þaðan og hóf nám í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík. Um leið og ég hóf námið tók ég að mér verkefnastjórn hjá Íslensku vefstofunni sem þá var í eigu Flugleiða og Teymis og fljóttlega var ég komin í fulla vinnu þar og lagði frekara nám á hilluna. Á þessum tíma var Íslenska vefstofan eins og aðrar vefstofur þá í mikilli sókn, fyrirtæki voru flest að koma sér upp vefsíðum og þau stærri voru að fara út í flóknari lausnir. Þarna upplifðum við þrjár sem síðar stofnuðum Sjá ehf. að það vantaði þjónustupátt sem fælist í að meta á hlutlausan og betri hátt hvort sú hönnun sem vefstofurnar skiluðu væri skiljanleg notendum og að þær niðurstöður vildum við sjá skila sér til baka til hönnuðanna og fyrirtækjanna. Einnig fannst okkur þörf á því að vinna nánar með fyrirtækjunum í stefnumótun og þarfagreiningu en gert var á þessum tíma. Sjá verður því til upp úr þessu og er núna fimm ára gamalt fyrirtæki.

Hvað hefurðu unnið við þetta lengi?

Eins og fram kom hér fyrir ofan hef ég verið með annan fótinn ef ekki báða á þessum vettvangi frá því 1995. Sjá ehf. var hins vegar stofnað árið 2001 og er því 5 ára á þessu ári.

Hvernig er vinnuumhverfið?

Einkenni vinnuumhverfisins er fyrst og fremst fjölbreytni. Hún felst í því að með því að sinna þeirri ráðgjöf sem við gerum höfum við tækifæri til að kynna fjölda fyrirtækja, starfsfólki þeirra og notenda. Þegar ég fer að hugsa um það þá er þetta jafnvel það besta sem fylgir ráðgjafastarfinu. Í hverju fyrirtæki er ólík menning og mismunandi taktur í vinnubrögðum sem gerir starfið svo lifandi. Það sama má segja um vefsíðurnar og kerfin, þær eru eins ólíkar og þær eru margar og maður er alltaf að læra eitthvað nýtt í gegnum það að fylgjast með hvernig fólk notar vefi og kerfi.

Hvaða störf bjóðast þér með þessa menntun?

Einhvern veginn á ég erfitt með að svara þessari spurningu á einfaldan hátt, alla vegna er ekki hægt að telja upp einhver nokkur starfsheiti sem dæmi.

Margrét Harðardóttir

„Svo hefur fest sig við þessa grein svona nördaímynd, þ.e. af luralegum karlforritara, illa hirtum etc. Sú ímynd er ekki að höfða til kvenna.“

Háskólamenntunin ein og sér opnar margar dyr, það þarf ekkert að orðlengja það. Hins vegar er menntun eitt en áhugi, reynsla og þekking annað sem ekki eru síður mikilvægir þættir þegar að starfsvali kemur. Þeir sem hafa stundað nám í sálfræði hafa flestir áhuga á því að mæla hið huglæga sem ekki virðist endilega svo mælanlegt svona við fyrstu sýn og kjarni málsins er auðvitað að beita hinni vísindalegu aðferð til að komast nær kjarnanum. Ég tel sálfræðina afar hagnýtt nám sem getur nýst vel í hvaða fyrirtæki sem er og það sama er eflaust að segja um aðrar félagsvísindagreinar.

Verður þú vör við að í þessari starfsgrein sé „karlavelði“?

Ekki er hægt að segja annað en að í greininni séu karlar í meirihluta, en mér finnst ég alltaf vera að sjá fleiri og fleiri konur komnar til starfa og margar afar frambærilegar þannig að karlavelðið er eflaust í nokkurri hættu! Ég reyndar tel að konur séu jafnan ekki teknar eins alvarlega og karlar vegna þess að þær útskýra hlutina yfirleitt á einfaldari hátt (betri hátt að mínu mati), tileinka sér síður fagtungumál og byrja að nota það eins og það sé þeirra móðurmál og þær kunna síður að eða vilja síður fara pólitísku leiðirnar innan fyrirtækja. Ég get hins vegar alls ekki tekið undir að erfitt sé að vinna í greininni vegna þessa en viðurkenni fúslega að þetta almenna vandamál hái konum.

Hafa konur jafn mikla möguleika á að ná langt á því sviði sem að þú ert á? Já, það er engin spurning.

Hvers vegna heldur þú að svona fáar konur séu í þessu?

Reyndar tel ég að fleiri konur hafi t.d. áhuga á því sviði sem Sjá starfar heldur en í öðrum tölvutengdum geirum. En auðvitað er það svo að konur hafa mjög fáar t.d. áhuga á að tileinka sér rekstur tölvukerfa og of fáar telja að t.d. tölvunarfræði eigi við þær. Að miklu leyti tel ég að ofangreint karlavelði haldi mörgum konum frá geiranum og hann virðist þeim ekki eins spennandi og hann er nefnilega í raun og veru. Hann verður svona þínu táfýlulegur. Maður gæti t.d. séð fyrir sér að ef störfín væru líkleg til að leiða til samstarfs við blandaðri hóp þ.e. fleiri konur, en líklegt er að þau geri í dag, væri geirinn ekki eins fráhrindandi. Hægt er að benda á fjölda þátta til að reyna að skýra þetta en enginn veit auðvitað hvað veldur þessu og kannski er þetta bara tímaspursmál.

// Margrét Harðardóttir

Við hvað starfar þú?

Ég er svokallaður „Program Manager“ yfir kerfi sem heitir Libra Securities (Verðbréfavogin) hjá fyrirtækinu OMX. Í mínu starfi felast samskipti við viðskiptavinum og umsjón með verkefnum sem tengjast kerfinu. Einnig er ég

að vinna sem gagnagrunnsforritari, þá aðallega fyrir SQL server.

Hvaða nám/námsgráðu hefur þú, hvar lært, hve lengi?

Ég lærði kerfisfræði í Háskólanum í Reykjavík, það er tveggja ára nám. Útskrifaðist árið 2000.

Hvernig kom það til að þú ákvaðst að vinna við þetta?

Ég lærði aðeins forritun þegar ég var í framhaldsskóla og fannst það mjög spennandi. Ég fór samt ekki strax í tölvunarfræði eftir stúdént, en þessi áhugi blundaði alltaf í mér. Svo þegar Viðskiptaháskólinn (nú Háskólinn í Reykjavík) tók til starfa þá ákvað ég að sækja um og komst að.

Hvað hefurðu starfað lengi á þessum vettvangi?

Síðan ég útskrifaðist árið 2000.

Hvernig er vinnuumhverfið?

Vinnuaðstaðan er góð á mínum vinnustað. Vinnutími er nokkuð frjálur. Ég heimsæki viðskiptavinum talsvert og er því mikið á ferðinni út um allan bæ.

Hvaða störf bjóðast þér með þessa menntun?

Ég hef svo sem ekki kannað það. Annars held ég að það sé af nógu að taka þarna úti og störfín sem bjóðast eru mjög fjölbreytt.

Verður þú vör við að í þessari starfsgrein sé „karlavelði“?

Meirihlutinn af starfsmönnum á mínum vinnustað eru karlmenn. Ég verð samt ekki vör við að það hafi mér neitt nema síður sé.

Hafa konur jafn mikla möguleika á að ná langt á því sviði sem að þú ert á?


Já það tel ég, þetta er allt undir einstaklingnum komið.

Hvers vegna heldur þú að svona fáar konur starfi við þetta?

Ætli það sé ekki vegna þess að konur hafa almennt minni áhuga á tæknilegum þælingum heldur en karlmenn. Það höfðar meira til kvenna að vera í mannlegum samskiptum, en ekki að vera fyrir framan tölvu í eigin heimi að forrita. Svo hefur fest sig við þessa grein svona nördaímynd, þ.e. af luralegum karlforritara, illa hirtum etc. Sú ímynd er ekki að höfða til kvenna. Ég vil hins vegar hvetja konur til að læra þetta, það er svo margt annað hægt að gera í þessum bransa en að forrita. Eins og t.d. að sjá um prófanir á hugbúnaði og verkefnastjórnun svo fátt eitt sé talið upp.

ADSL sjónvarp

Tæknin á bak við þróað vef- og pantanasjónvarp Símans í ADSL sjónvarpi



Þó svo að íbúafjöldinn á Íslandi sé ekki mikill er notkun netkerfistengdra tækja og þjónustu ein sú mesta í heiminum. Við þreymtum sjaldan á því að segja frá því á erlendra grundu hversu framarlega við Íslendingar erum á sviði fjarskipta. Íslendingar eru nýjungagjarnir og landsmenn eru fljótir að tileinka sér nýjustu tæknina. Í lok síðasta árs voru tæplega 90% heimila með tölvur og sláum við flest önnur lönd út hvað varðar tölvunotkun. Á hverjum 100 heimilum eru rúmlega 80 nettengd heimili á Íslandi og sláum við Norðlandapjóðum og Þjóðverjum við í þeim efnum. Eftirspurnin er mikil og stöðug. IBM setti fram fyrir nokkru áhugaverða reynslusögu – case study – um vefsjónvarp Símans – Skjáinn.

Síminn vill þjóna bæði einstaklingum og fyrirtækjum í þessu litla, tæknivædda landi. Vegna þess hvað viðskiptavinirnir eru fljótir að tileinka sér upplýsinga- og fjarskiptatækni þarf fyrirtækið að leita leiða til að hámarka valkosti sína og bjóða viðskiptavinum sínum upp á nýjungar. Og Síminn er ekki einn um það: Auknar kröfur viðskiptavina og hörð samkeppni við áskriftarsjónvarp knýja fjarskiptafyrirtæki um allan heim til að bjóða upp á nýja, verðmæta þjónustu, þar á meðal sjónvarpssendingar, í gegnum netkerfi sín. Þetta getur verið góður og ábatasamur kostur fyrir veitendur, og ódýrari og skilvirkari leið fyrir neytendur til að greiða fyrir og fá aðgang að þeirri þjónustu sem þeir óska eftir.

Samstarf við IBM og Thales

Í ársbyrjun 2004 ákvað Síminn að bjóða upp á beinar sjónvarpsútsendingar og síðar gagnvirk sjónvarp til að svara óskum viðskiptavina sinna um sjónvarpsáskriftarpakka, háhraðainternetþjónustu- og símaþjónustu og boða komu Símans inn í heim „þríleiksins“ (samtvinnuð síma-, sjónvarps- og háhraðapjónusta). Í undirbúningnum fyrir þetta markmið lagði Síminn mat á mörg fyrirtæki, þar á meðal IBM og Thales, leiðandi samstarfsfélag IBM sem hefur öðlast góðan orðstír á sviði kapal-, gervihnatta- og landlægra netkerfa. SmartVision (SnjallSýn) frá Thales - samhæfð lausn fyrir flutning á pöntuðum eða beinum útsendingum í gegnum háhraðanet - er studd af ýmsum grunnþáttum frá IBM, þ.á.m. netþjónum, gagnageymslubúnaði og ýmsum vefbúnaði. Kerfi IBM og Thales hentaði Símanum fullkomlega og bauð upp á sveigjanlega lausn fyrir dreifingu á sjónvarpi í gegnum háhraðanet - ADSL.

Þjónustukerfið samhæft við útsendingar- og háhraðanet Símans

Thales og IBM buðu einnig upp á það svigrúm til stækkunar sem Síminn

þarf til að viðhalda framtíðarvexti og fyrirhugaðri þjónustu með minni áhættu og tilkostnaði. Það spillti heldur ekki fyrir að IBM og Thales höfðu starfað við áþekkar, velheppnaðar framkvæmdir fyrir önnur ríkis- og svæðafjarskipta-fyrirtæki. Það var einnig lykilatriði að Thales gat afhent og samlagt allt þjónustukerfið við það útsendingar- og háhraðanet sem Síminn var með fyrir. Annar kostur var notkun IBM BladeCenter netþjónanna, sem eru bilanapólin kerfi sem bjóða upp á möguleika til að bæta við sig netþjónum til að keyra forrit frá þriðja aðila. IBM WebSphere hélt síðan utan um þessa eiginleika og bauð upp á skilvirka, sérsníðna grunngerð fyrir pantanasjónvarp.

Í júlí 2004 hófst fyrsti áfangi verkefnisins - prufukeyrsla með 300 notendum. Að þeim hluta loknum - sem tók fjóra mánuði og var lokið samkvæmt áætlun - hófu IBM og Thales framkvæmd næsta áfanga. Í honum fólst að setja upp grunn fyrir 4.000 notendur og í kjölfarið kæmi svo uppfærsla sem myndi þjóna 10.000 notendum og marka upphaf almenns framboðs Símans á þessari þjónustu. Kerfið getur nú annað 50.000 notendum og stutt 5.000 gagnastrauma í pantanasjónvarpinu samtímis.

90% landsmanna með aðgang

Í dag býðst u.þ.b. 90% landsmanna aðgangur að þjónustunni (10 sjónvarpsrásir). Frá því síðastliðið haust hafa 60 sjónvarpsrásir verið í boði auk gagnvirs sjónvarps. Þannig geta viðskiptavinir Símans og Skjásins pantað sér efni beint úr fjarstýringunni án þess nokkurn tíma að yfirgefa sófann. Síminn hefur greint frá því að á tilteknum svæðum hafi 80% viðskiptavina Símans með ADSL nettengingu notfært sér þessa þjónustu. Í allnokkrum smábæjum hefur fjöldi ADSL viðskiptavina aukist umtalsvert.

Eftirtaldir styðja við bakið á Skýrslutæknifélagi Íslands:



Tölvumiðstöð **sparisjóðanna**



Neytendur hafa tekið völdin í tónlistinni – er kvikmyndaíðnaðurinn næstur?

Tónlistariðnaðurinn er líklega sá hluti afþreyingariðnaðarins sem hefur fundið mest fyrir stafrænu byltingunni. Tónlistarmenn og útgáfufyrirtæki stóðu skyndilega frammi fyrir því að viðskiptavinir þeirra gátu nálgast vöru þeirra ókeypis og deildu henni ókeypis með hvorum öðrum. Til þess notuðu þeir nýja tölvu- og nettækni sem margir í tónlistariðnaðinum höfðu aldrei heyrt minnst á. Allt í einu þurftu menn að kunna skil á netfyrirtækjum eins og Napster og tæknihugtökum eins og bandvídd, MP3 staðlinum, jafningjanetum (P2P) og gíga- og megabætum.

Þetta þýddi að margreynt viðskiptamódel sem byggði á sölu á geisladiskum og kynningu á stórstjörnum komst í uppnám. Tónlistarunnendur einfaldlega meðhöndluðu og dreifðu tónlist eins og þeim hentaði. Brugðist var við með lögsóknum og baráttu gegn niðurbætur og miðlun tónlistar á milli notenda á Netinu enda áttuðu sig fá fyrirtæki í tónlistariðnaðinum á því hvernig væri best að bregðast við þessari þróun.

Það er kunnara en frá þarf að segja að fyrirtæki eins og Apple hafa nýtt sér þessar breytingar og komið til móts við neytendur með því að bjóða notendavæna iPod spilara og opnað tónlistarbutuð á Netinu þar sem hægt er að kaupa stök lög á lágu verði. Á skömmum tíma er Apple orðið að stórveldi í tónlistarbransanum og Steve Jobs einn valdamesti maður hans. Ef menn vilja dreifa tónlist verða þeir að taka tillit til Apple og óska fyrirtækisins um verðlagningu. Hver hefði getað ímyndað sér það fyrir nokkrum árum síðan?

Frumkvæði notenda og tæknifyrirtækja

Það er betur þekkt í markaðsfræðum að nýjungar komi frá fyrirtækjum og frumkvöðlum sem breyta leikreglum markaðarins með því að koma betur til móts við viðskiptavinir sína en áður eða uppgötvu markaði sem enginn sinnti áður. Meðal þeirra höfunda sem hafa fjallað töluvert um þetta eru W. Chan Kim og Renée Mauborgne en í frægri grein þeirra sem birtist árið

1999 í tímaritinu The Harvard Business Review fjölluðu þau um hvernig frumkvöðlar og leiðandi fyrirtæki hafa nálgast markaðinn á árangursríkan hátt. Þau nefna sérstaklega tiskufataframleiðandann Ralph Lauren, Borders bókaúðirnar, Bloomberg markaðsupplýsingakerfi, ljósaframleiðslu Philips, Starbucks kaffihúsin, Home Depot byggingarvöruverslanirnar og Quicken fjármálahugbúnaðinn frá Intuit. Kim og Mauborgne setja fram módel um hvernig fyrirtæki og frumkvöðlar geta greint ráðandi viðskiptamódel eða virðiskúrvu (e. Value Curve) með það fyrir augum að endurskoða það.

Þau telja að fyrirtæki og frumkvöðlar þurfi í raun aðeins að spyrja fjögurra spurninga um markaðinn til þess að endurskilgreina hann (sjá mynd 1).

Í kjölfarið megi sýna nýja virðiskúrvu og bera hana saman við þá sem á að skipta út með myndrænum hætti.

Með því að nýta sér Netið hafa tónlistarunnendur dregið úr eða útrýmt:

- Umbúðum, óumbeðnum lögum.
- Kostnaði við að kaupa eða hlusta á tónlist
- Geymsluplássi sem þarf undir tónlist, harðir diskar eða spilarar taka minna pláss en geisladiskar
- Dregið hefur verið úr hljóðgæðum sem neytendur eru tilbúnir til að sætta




sig við með því að nýta MP3 tæknina. Reyndar er allur gangur á því á hvaða formi og í hvaða gæðum tónlist er seld hjá netsölufyrirtækjum.

Neytendur hafa bætt við sveigjanleika tónlistar, auðvelt er að stilla upp lagalistum sem spila má við ólík tækifæri með MP3 tækninni. Neytendur hafa skapað samfélög sem skiptast á tónlist og gera notendum auðvelt um vik að uppgötva tónlist að þeirra skapi. Seljendur tónlistar á Netinu hafa sömuleiðis gert tónlistarunnendum kleift að leita uppi tónlist og miðla öðrum af smekk sínum með því að gera þeim mögulegt að senda inn dóma um tónlistina.

Hver er framtíð kvikmyndaiðnaðarins?

Stóra spurningin sem vaknar núna er hvernig framtíð kvikmyndaiðnaðarins er í stafrænum heimi. Vissulega hafa kvikmyndafyrirtækin hagnast vel með tilkomu DVD tækninnar en horfur eru á að iðnaðurinn taki breytingum sem miðar í sömu átt og tónlistariðnaðurinn hefur þróast í.

Neytendur nota nettæknina til að dreifa efni sín á milli með löglegum og ólöglegum hætti í mjög miklum mæli. Auðvelt er að nálgast kvikmyndir, tónlistarmyndbönd og sjónvarpsþætti með þessum hætti fyrir þá sem það vilja. Aðgerðir til að stemma stigu við þessari dreifingu virðast ekki ná að



(Mynd 1) Kim og Mauborgne telja að fyrirtæki og frumkvöðlar þurfi í raun aðeins að spyrja fjögurra spurninga um markaðinn til þess að endurskilgreina hann.



Hvað segja sérfræðing

Eður Arnarsson

Halldór Guðjónsson

slá á hana og því hlýtur að vera nauðsynlegt fyrir kvikmyndaframtækni að huga að því að haga stafrænni dreifingu og verðlagningu með þeim hætti að neytendur sjái hag í því að nálgast efni með löglegum hætti. Möguleikar til að dreifa myndefni hafa stórkost og nú eru myndveitur orðnar að möguleika með stafrænum útsendingum víða um heim, þar á meðal hér á landi. Myndveitur eru að þróast á vefnum, til dæmis hafa bæði Google og Apple opnað vefsetur þar sem auðvelt er að nálgast kvikmyndir og sjónvarpsþætti. Athygli vekur hve mikið er af efni frá sjálfstæðum framleiðendum og jafnvel áhugamyndatökufólki á vef Google. Kannski er þarna að þróast ný dreifileið fyrir sjálfstæða kvikmyndagerðarmenn sem geta nýtt Netið til að dreifa afurðum sínum á heimsvísu með litlum tilkostnaði.

// Eður Arnarsson hjá Senu

Dregið hefur úr sölu á erlendra tónlist – Íslensk tónlist bætir í

Sena, áður afþreyingarsvið Skifunnar, er stærsta dreifingarframtækni landsins á sviði tónlistar og kvikmynda. Að sögn Eiðs Arnarssonar, útgáfustjóra íslenskrar tónlistar hjá Senu, drógst heildarsala tónlistar (online og CD/DVD) í heiminum á síðasta ári saman um 3%. „Online og farsímahlutinn þrefaldaðist samt á sama ári sem þýðir að CD/DVD hlutinn minnkaði um meira en 3%. Ísland hefur ekki fylgt þessari þróun algjörlega og hefur samdráttur í sölu CD/DVD verið minni en annars staðar og hluti online eða mobile ekki í eins örur vexti. Hvað sem því veldur hjá tæknióðri þjóðinni? Í stuttu máli hefur þróunin á Íslandi verið sú að dregið hefur úr sölu á erlendra tónlist í takti við aukna dreifingu tónlistar á Netinu en það sama á ekki við um íslenska tónlist sem hefur bætt í á undanföllum árum.“

„Óhefðbundin“ sala á tónlist mun aukast

Spurður um hvernig þróunin verði á næstu árum segir Eður að það sé ljóst að sala á tónlist eftir „óhefðbundnum“ leiðum muni aukast jafnt og þétt á næstu árum sem og hingað til á meðan sala á eiginlegum eintökum „physical“ muni dragast enn frekar saman. „Núna er skiptingin á milli Netsins og farsíma í sölu á tónlist á heimsvísu ca. 50/50. Á Netinu er næstum öll salan á stökum

heilum lögum (iTunes o.fl.) en í farsímaheiminum eru tæp 90% sölunnar hringitónar. Sambærilegar tölur fyrir Ísland liggja ekki fyrir að ég best veit. Vel má hugsa sér að fleiri möguleikar á neyslu á tónlist komi upp á næstunni, í það minnsta nýjar útfærslur á núverandi leiðum en geisladiskurinn eða einhvers konar eiginlegt eintak verður áfram við líði um langt skeið.“

// Halldór Guðjónsson hjá Myndformi

Sala á DVD myndum aldrei verið meiri

Halldór Guðjónsson, sölustjóri Myndforms sem er eitt af stærstu dreifingarframtækjum kvikmynda hér á landi, segir að sala á DVD myndum hafi sennilega aldrei verið meiri en nú. „Enda hefur verið á þeim lækkað talsvert og bíóaðsókn hefur verið mjög góð undanfarin ár, en niðurhal á kvikmyndum hefur bitnað töluvert á videóleigunum sem hafa gefið eftir undanfarin ár. Hvað framtíðina varðar þá er mjög erfitt að sjá hana fyrir þar sem þróunin er svo hröð og endalaust verið að kynna til sögunnar einhverjar nýjungar, en ég held að markaðurinn muni vera með svipuðu sniði næstu árin.“

// Hallgrímur Kristinsson hjá Smáis

Aukið niðurhal bitnar helst á videóleigum

Hallgrímur Kristinsson, framkvæmdastjóri Smáis – Samtök myndrétthafa á Íslandi, tekur undir orð Halldórs og segir að sala á DVD myndum hafi verið í auknum vexti frá því hún hófst árið í kringum 1998. „Vert er að geta þess að fyrir þann tíma var hér á landi lítil sem engin sala á kvikmyndum að undanskildum barnamyndum og því ekki óeðlilegt að hækkan sölutalna hafi verið há prósentulega á milli ára síðustu ár.“ Varðandi útleigu mynda segir Hallgrímur að hún hafi dregist saman um 26% frá árinu 2000 og sérstaklega hafi leigur á smærri svæðum á landsbyggðinni orðið illa úti vegna niðurrhals. „Þar hefur útleiga hreinlega lagst af nema á barnamyndum með íslensku tali vegna þess að einhverjir aðilar í bæjarfélaginu ná nýjustu myndunum af Netinu og dreifa til vana og kunningja.“




arnir í afþreyingunni?

Hallgrímur Kristinsson

Warner og Disney hefja sölu á kvikmyndum á Netinu

Spurður um framtíð kvikmyndaíðnaðarins segir Hallgrímur að stafræn kvikmyndahús séu loks að verða að veruleika með auknum myndgæðum en að kvikmyndahúsaðsókn muni væntanlega standa í stað. „Þó hefur aðsókn kvikmyndahúsa farið minnkandi frá árinu 2002 en þá hafði aðsókn farið hækkandi nánast sleitulaust frá árinu 1996. Það má þó benda á að margvislegir þættir geta haft áhrif á þetta (m.a. aukin heimabíótækni, úrval mynda og ólögleg dreifing á myndum). Hvað DVD sölu varðar þá tel ég að hún muni aukast samhliða aukningu á sölu mynda í gegnum Netið. Þannig hafa Warner og Disney lýst því yfir að þeir ætli að hefja sölu á kvikmyndum

á Netinu á Norðurlöndum síðar á þessu ári. Universal er að hefja sölu á myndum í Bretlandi í gegnum Netið þar sem þú færð eintak í tölvuna þína og færð síðan „physical“ eintak af myndinni sent heim til þín. Hins vegar mun DVD leiga dragast saman til lengri tíma að mínu mati. Þó að útleiga kunni að taka tímabundinn kipp þar sem myndir í háskerpugæðum eru væntanlegar á markaðinn. Svo má ekki gleyma sjónvarpinu þar sem þú verður meira þinn eigin dagskrárstjóri. Við erum byrjuð að sjá þá þróun hér með stafrænu sjónvarpi, t.d. Skjárinn með Video on Demand, Vísir.is og Rúv.is með því fréttæfni sem þú vilt sjá þegar þér hentar og Stöð 2 með digital STB með PVR þar sem þú getur tekið dagskrána upp á harðan disk og horft þegar þú vilt.”





// Jón Heiðar Þorsteinsson

Leikur einn

Nýjar leikjätölvur á leiðinni á markaðinn og netspilun verður sífellt vinsælli

Það er ekki hægt að fjalla um stafræna miðlun, dreifingu og afþreyingu án þess að skoða tölvuleikjaiðnaðinn. Íslendingar þekkja vel árangur íslenska leikjafyrirtækisins CCP með fjölspilunarleik sinn EvE Online en tugþúsundir manna um allan heim stíga inn í annan heim með því að taka þátt í geimævintýrinu íslenska.

Vaxandi sala á margbrotnum markaði

Greiningarfyrirtækið DFC Intelligence telur á árinu 2005 að sala á tölvuleikjum og leikjätölvum hverskonar á heimsvísu hafi numið 28,5 milljarða dollara. Tímaritið The Economist greindi nýverið frá því að sala á tölvuleikjum í Bandaríkjunum einum hefði numið 20 milljörðum dollara á árinu 2004 og er það meira en miðasala í kvikmyndahúsi nam þar í landi það árið. DFC Intelligence telur að salan verði komin upp í 42 milljarða dollara árið 2010. Leikjaframleiðendur reyna stöðugt að finna leiðir til að höfða til neytenda og hægt er að spila ótal tegundir af tölvuleikjum, menn geta tekið þátt í söngvakeppni, stýrt stórstyrjöldum eða einfaldlega lagt kapal.

Vaxandi hluti af nútímamenningu og lífnaðarháttum

Tölvuleikir hafa ekki notið sömu virðingar og tónlist eða kvikmyndir. Þetta mun sjálfsgagt breytast enda sýna bandarískar rannsóknir tölvuleikjaframleiðanda að meðalaldur þeirra sem spila tölvuleiki er 30 ár. 43% þeirra sem spila tölvuleiki eru á aldrinum 18 – 49 ára en 35% þeirra sem spila tölvuleiki eru yngri en 18 ára. BAFTA verðlaunin bresku munu framvegis verða veitt fyrir tölvuleiki og hið árlega World Cyber Games alþjóðamót í tölvuleikjum sem síðast haldið var í Singapore í fyrra verður sífellt vinsælla. Meira en 1,2 milljón manns tóku þátt í forkeppninni í 67 löndum og verðlaunafé sem gefið var af Samsung og Intel nam meira en 2,5 milljón dollurum. Ekki má gleyma Cyberathlete Professional League (CPL) og CPL world tour þar sem lið frá öllum heimshornum keppa um verðlaunafé sem getur numið upp í 1 milljón dollara fyrir hverja keppnisgrein.

Talið er að 300 milljón manns um allan heim stundi tölvuleiki á Netinu og í

nýlegri grein breska tímaritsins The Economist er talið að þessi fjöldi muni tvöfaldast á næstu tíu árum. Nú líta auglýsendur þennan nýja miðil hýru auga og frægt er orðið þegar Bandaríkjaher gaf út fullkominn tölvuleik, America's Army, til að fá ungt fólk til liðs við sig.

Vaxandi vinsældir á Íslandi

Hér á landi eru tölvuleikir vinsæl afþreying en eins og víðar í heiminum virðast spilarar fremur vera karlkyns og í yngri kantinum. Innflutningur á tölvuleikjum í formi geisladiska jókst um 62% á árunum 2000 – 2005. Einungis eitt af hverjum tíu íslenskum heimilum er ekki með tölvu og fjögur af hverjum tíu heimilum eru með leikjätölvu. Meira en átta af hverjum tíu heimilum er með internettingu. Næstum því átta af hverjum 10 karlkyns internetnotendum á aldrinum 16-24 ára hafa spilað eða sótt sér tölvuleik, náð í tónlist eða myndir af internetinu á árinu 2004. Samsvarandi hlutfall fyrir kvenkyns notendur er 46%. Munur sem er á milli kvenna og karla hverfur í aldurshópnum 55-74 ára.

Sveiflukenndur iðnaður

Tölvuleikjaiðnaðurinn er sveiflukenndur. Hver sveifla hefst með því að nýr vélbúnaður, tölvur eða leikjätölvur eru settar á markaðinn. "Frumkvöðlar" eru fyrstir til að tileinka sér nýja tækni og í kjölfarið fylgir fjöldinn og þá lækkar verðið. Þegar metun er náð hægist á sölu á vélbúnaði og leikjum á meðan beðið er eftir nýjum leikjätölvum eða tækni. Stór hluti tölvuleikja er framleiddur fyrir venjulegar heimilistölvur og mikið af endurnýjunarþörf heimilistölva er vegna sífellt fullkomnari leikja.



Þrískiptur markaður

Tölvuleikjamarkaðurinn skiptist í þrennt. Í fyrsta lagi eru leikir fyrir einkatölvur. Flestir þeirra eru fyrir tölvur sem keyra Windows stýrikerfið. Í Bandaríkjunum einum seldust 38 milljón eintök af PC leikjum árið 2005 og er það töluverð minnkun frá árinu 2004 en þá seldust 47 milljónir eintaka. Þessar tölur innifela ekki sölu og greidda áskrift á netleikjum og fjölspilunarleikjum (eins og til dæmis EvE Online). Vinsælasti PC leikur ársins 2004 í Bandaríkjunum var netleikurinn World of Warcraft en af honum seldust 957 þúsund eintök.

Í öðru lagi eru sérhæfðar leikjatölvur og leikir fyrir þær. Þó að leikjatölvur séu yfirleitt framleiddar og seldar með tapi þá ná framleiðendur hagnaði með því að taka til sín hlutdeild af verði leikja fyrir tölvurnar. Þær verða sífellt öflugri og sýnir markaðurinn fyrir þær einkenni áðurnefndrar sveiflu skýrt. Þrír framleiðendur leikjatölva keppa á þessum markaði: Sony með Playstation, Microsoft með Xbox og Nintendo með GameCube. Sony hefur leitt þennan markað í áratug og hefur selt 92 milljónir Playstation 2 (PS2) tölvur síðan hún kom á markaðinn árið 2000. Nintendo hefur náð að selja 19 milljónir

Game Cube véla samkvæmt greiningarfyrirtækinu Forrester. Microsoft hefur selt litlu meira en Nintendo eða um 22 milljónir vélar. Nintendo hefur minnsta markaðshlutdeild en framleiðir mikið af eigin leikjum og hagnast því mest af framleiðendunum þremur.

Í þriðja lagi má nefna tölvuleiki sem eru spilaðir á handtölvum og í farsímum. Sérstaklega má nefna handleikjatölvur eins og Game Boy Advance frá Sega, PSP frá Sony og Nintendo DS. IDC greiningarfyrirtækið segir að salan á þessum leikjatölvum hafi aukist um 96% frá árinu 2004 og náð 1,6 milljarða dollara markinu árið 2005.

IDC greiningarfyrirtækið telur að leikir fyrir farsíma hafi selst fyrir 1,7 milljarða dollara á árinu 2005.

Öflugar leikjatölvur á leiðinni

Árið 2005 sýndi einkenni mettunar. Leikjatölvurnar sem eru algengastar á markaðnum seldust minna en árin á undan. Microsoft setti reyndar nýja útgáfu af Xbox, Xbox 360, á markaðinn í lok árs 2005 og er þá undan Sony sem frestaði markaðssetningu á Sony Playstation 3 (PS 3) fram á haust 2006. Ekki er vítað hvenær Nintendo setur Revolution vél sína á markaðinn á þessu ári.

Þegar Sony setti PS2 á markaðinn náði fyrirtækið

að verða á undan bæði Nintendo og Microsoft. PS2 vélin gat spilað eldri leiki úr Playstation, virkaði sem DVD spilari, mikill fjöldi leikjaframleiðanda framleiddi vélina og tryggði þetta hylli neytenda. Xbox vélin frá Microsoft höfðaði til reyndra spillara með leikjum eins og Halo skotleikjunum og netspilun á Xbox Live leikjagáttinni.




Microsoft ætlar sér að steypa Sony af stóli með Xbox 360. Þetta ætlar Microsoft að gera með því að sækja að Sony og Nintendo á heimavelli í Japan, öflugri markaðssetningu sem felur í sér samstarf við MTV sjónvarpsstöðina, sölu á Xbox 360 við hliðina á háskerpusjónvörpum í verslunum víða um heim og með því að leggja áherslu á netspilunarmöguleika. Markmið Microsoft er að selja 4,5 – 5,5 milljón Xbox 360 vélar á fyrstu sex mánuðum 2006.

Sony treystir á nýja tækni, bæði mjög öflugan Cell örgjörva sem á að vera 35 sinnum hraðvirkari en sá örgjörvi sem PS2 byggir á. PS3 nýtir nýjan DVD staðal sem nefnist Blu ray. Það eru vandamál sem tengjast höfundarétti á Blu ray tækninni sem hafa frestað markaðssetningu PS3. Það kemur ekki á óvart að Sony ætlar sér að opna netspilunarþjónustu fyrir PS3.

Litið er á PS3 leikjatölvuna sem prófraun á Sony þar sem fyrirtækið ætlar sér að nota Cell örgjörvann í fleiri raftæki og berst við Toshiba um DVD staðla en Toshiba er reyndar meðal þeirra fyrirtækja sem halda fram HD-DVD staðlinum. Bill Gates hefur reyndar lýst því yfir að hugsanlega muni nýjar útgáfur af Xbox 360 hafa HD-DVD drif. Fresturinn á PS3 er því áfall fyrir Sony. Sony ætlar að selja 1 milljón véla á mánuði eftir að hún kemur á markað

Endimörk vaxtar leikjatölvumarkaðarins í nánd?

Á það er bent að tæknin sem notuð er í leikjatölvur er að verða dýrari og framleiðslukostnaður eykst. Margir telja líka að til þess að leikir í nýju leikjatölvunum muni ekki njóta sín að fullu nema í háskerpusjónvörpum en það mun taka tíma fyrir slík tæki að ná útbreiðslu hjá almenningi. En það sem skiptir kannski mestu máli er að það vantar metsöluleik fyrir þessar leikjatölvur. Xbox fékk mikinn hljómgrunn þegar Halo leikirnir komu á markaðinn og dreif sölu. Jafnframt er ljóst að tengimöguleikar við Netið og netspilun verður lykillinn að vinsældum leikja og leikjatölva í framtíðinni.





IP net Símans

Hvað er í boði á IP neti Símans:

• Viðskiptamiðja

- **Tal yfir IP**
Hjálpar þér að lækka símakostnað.
- **Forgangsstöðun gagna**
Skapar betri nýtingu á bandbreidd.
- **Rekstur á viðneti**
Við sjáum um að netkerfi þitt sé í lagi.
- **Tengir saman dreifðar starfsstöðvar**
Örugg samskipti milli allra starfsstöðva á einkaneti fyrirtækisins.
- **Hámarks gagnaöryggi**
Lokað og öruggt einkanet, einungis aðgengilegt þeim sem þú tilgreinir.
- **Einfalt og sveigjanlegt**
IP netið er fyrir allar stærðir fyrirtækja.
- **Heimsgátt - IP netið um allan heim**
Þú getur tengst IP netinu nánast hvar sem er í heiminum.
- **Kynntu þér fleiri kosti IP nets Símans á siminn.is**

Viðskiptamiðja

Meiri orka í fyrirtækið

Viðskiptamiðjan gerir fyrirtækjum kleift að senda viðskiptaskjöl á milli viðskiptakerfa á einfaldan, öruggan og áreiðanlegan hátt og án handvirkra skráningar á hverjum stað.

Viðskiptamiðjan er virðisaukandi þjónusta ofan á **IP net Símans**. Hún er sérstaklega sniðin að þörfum fyrirtækja sem vilja taka upp rafræn viðskipti sín á milli.

Með Viðskiptamiðjunni eru rafræn viðskipti einfölduð til muna.

Ráðgjafar Símans hjálpa þér að velja þá lausn sem hentar þér best. Hafðu samband við viðskiptastjóra þinn eða ráðgjafa okkar í **800 4000** og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig og þitt fyrirtæki.

Hljóð og mynd

í farsíma og lófatölvur

Nýr vettvangur afþreyingar og upplýsingamiðlunnar

Símafyrirtæki leita stöðugt að nýjum möguleikum til þess að finna sér nýjar tekjur enda eykst stöðugt samkeppni í hefðbundinni símaþjónustu. Nýjasta útspil þeirra eru stafrænar útsendingar á útvarps- og sjónvarpsefni í farsíma og lófatölvur. Virgin Mobile farsímafyrirtækið í Bretlandi og breiðbandsfyrirtækið BT Movio sem er dótturfyrirtæki breska símarisans BT ætla sér til dæmis að hefja reglubundnar stafrænar útsendingar í farsíma og lófatölvur og verða þannig fyrst í Evrópu að veita þjónustu af þessu tagi. Fyrirtækin telja áhuga breskra neytenda á þjónustunni töluverðan og byggja það á fjögurra mánaða prófunarverkefni sem þau stóðu að sameiginlega. Vafalítið munu útsendingar í farsíma frá heimsmeistarakeppninni í Þýskalandi nú í sumar vekja athygli á tækninni.

Nokkrir staðlar fyrir stafrænar útsendingar í farsíma og lófatölvur eru til, en það eru einkum tveir sem mest er horft til. DMB staðallinn sem Virgin Mobile nýtir sér er þegar kominn í notkun í Bretlandi og er búið að ganga frá leyfum og lagalegum atriðum fyrir tíðnisvið sem byggja á þessum staðli. DMB er útvíkkun á DAB útvarpsstaðlinum og notar sama tíðnisvið og svipaða senda. Hinn staðallinn sem keppir um hylli notenda og framleiðanda í Evrópu er DVB-H staðallinn en hann styðja m.a. Nokia farsímafyrirtækið og símafyrirtækin Orange, Vodafone, O2, Swisscom og Telia Sonera. Telecom Italia Mobile ætlar sér að hefja útsendingar á Ítalíu á þessu ári og nýta sér DVB-H staðalinn. Báðir staðlarnir miðast við einátta miðlun, frá sendanda til margra viðtakenda. Fylgismenn DVB-H staðalsins telja hann geta stutt fleiri rásir en DMB staðallinn en gagnrýnendur hans telja að langt sé í að gengið verði frá lagalegum atriðum vegna útsendinga á tíðnisviði DVB-H á stórum mörkuðum eins og í Bretlandi.

Til þess að koma til móts við takmarkaða rafhlöðuendingu er merki sem sent er út eftir DVB-H staðlinum sent í stuttum þjöppuðum skömmtum sem viðtakandi (farsími eða lófatölva) les úr og spilar. Tækið tekur svo við næsta skammti og svo koll af kolli þannig að notandinn verður ekki var við annað en að um samfellda útsendingu sé að ræða. Gagnahraðinn sem næst í DVB-H útsendingu veltur m.a. á þjöppunarhlutfalli og villuleiðréttingum en hann ætti að vera um 5 – 32 Mbit á sekúndu. Þar sem DVB-H er ólíkur stöðlum eins og Wi-Fi, GPRS eða 3G, þarf sér loftnet og örgjörva til að vinna úr DVB-H merkinu.

3G veitir möguleika á meiri sveigjanleika

Þriðja kynslóð farsíma (3G) er samheiti yfir nokkra skylda staðla. Í Evrópu er UMTS staðallinn algengastur. Yfirleitt skilar hann gagnahraða upp á 384 Kbit/s sem er mikil framför frá GPRS kerfinu sem býður upp á 30-70 Kbit/s.

3G staðlar eru ólíkir DVB-H staðlinum t.d. að því leyti að farsímar þurfa ekki sérstakt loftnet til að taka á merkjum sem send eru með því kerfi. Í 3G kerfinu fær hver notandi einstakan straum til sín og því lækkar gagnahraðinn í kerfinu þegar fjöldi samtímanotenda nálgast afkastagetu kerfisins. 3G er þegar nýtt víða í Evrópu til að veita mynd- og hljóðveitubjónustu til fjölda notenda með

þessum hætti, og unnið er að þróun tækni sem nálgast eðli einátta útsendinga í 3G kerfinu og minnkar við það heildarálagið. Að lokum er þó hver notandi að fá eigin gagnastraum.

Þróunin ekki farin af stað á Íslandi

Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki úthlutað rásum fyrir stafrænar útsendingar á hreyfimyndum samkvæmt DVB-H eða DMB stöðlunum þó að rásum hafi verið úthlutað fyrir tilraunir með hljóðvarpsútsendingar samkvæmt DAB staðlinum.

Raunar hefur enginn sótt um rásir fyrir stafrænt sjónvarp í farsíma samkvæmt þeim upplýsingum sem fengust hjá stofnuninni en hér á landi gildir regluverk EES fyrir útsendingar af þessu tagi.

Á forsendum framleiðanda

Meðal þeirra sem hafa kynnt sér útsendingar í farsíma og lófatölvur er Þórarinn Stefánsson sem stundar meistaranám í upplýsingatækni við ITU háskólann í Kaupmannahöfn. Hann segir tilraunir hafa verið gerðar með útsendingar í farsíma og lófatölvur í Evrópu og Suður-Kóreu og hafi þær enn sem komið er verið gerðar á forsendum framleiðanda símatækja sem vilja komast að því hvort tæknin virki eða ekki. „Það á eftir að kortleggja betur áhuga notenda á því hagnýta sér þessar útsendingar.“

Þórarinn segir að í nýlegri tilraun Nokia hafi 16% þeirra sem í henni tóku þátt lýst því yfir að þeir myndu nýta sér útsendingar í lófatölvur og farsíma stundum eða oft í viku. „Ef við viljum áætla markaðsmöguleika fyrir tæknina getum við til dæmis tekið bjartsýnustu áætlanir: Þar sem niðurstöður tilraunaútsendinga benda til að meðalnotkun þeirra sem myndu nýta sér tæknina verði um 20-30 mínútur á dag að meðaltali. Miðað við að meðalevrópubúiinn horfi um 4 klukkustundir á dag á sjónvarp þá mætti ímynda sér að áskrift að slíkum útsendingum gæti kostað 15 – 20% af venjulegri sjónvarpsáskrift. Ef við gefum okkur svo að tæknin nái sömu útbreiðslu meðal farsímanotenda og DVD tæknin hefur náð þá yrði það 85% notenda sem hefðu möguleika á að móttaka slíkar útsendingar eftir áratug en það er bjartsýn spá þar sem DVD tæknin hefur breiðst mjög hratt út.“

Í könnun BT Movio og Virgin Mobile á meðal 1.000 notenda sem prófuðu að nýta sér útsendingar í farsíma og lófatölvur kom fram að tveir af hverjum

premur þátttakendum voru tilbúnir til að greiða um 8 pund eða um 920 kr. á mánuði fyrir aðgang að stafrænum útsendingum á myndefni og útvarpsefni. 38% þeirra sögðust vilja geta skipt um þjónustuaðila til að geta notið þjónustunnar.

Tæknilegar hindranir sem þarf að yfirstíga

„Tæknilega séð þá hafa nokkrir þættir áhrif á notagildi og möguleika útsendinga í farsíma. Í fyrsta lagi erum við með lítinn skjá og því þarf að aðlagja það efni sem stendur til boða, til dæmis má hugsa sér meira af nærskotum en í efni sem er ætlað fyrir stóra skjái. Í öðru lagi þurfa notendur að halda skjánum í ákveðinni fjarlægð og undir ákveðnu horni sem getur verið lýjandi til lengdar. Í þriðja lagi er afkastageta rafhlada á farsísum og lófátölvum nokkuð takmörkuð og setur þetta notkunarmöguleikum tækninnar takmörk. Í fjórða lagi þarf dreifinet að vera nægilega öflugt til að útsending sé skýr. Það þarf að taka tillit til þess að notendur smátækja eru á stöðugri ferð á milli staða og því þarf dreifinetið að vera nægilega þétt. Til dæmis geta byggingar á þéttbýlum svæðum skyggt á útsendingarmerkið.”

Afþreyingin gefur mestu möguleikana

Þórarinn ber notkunarmöguleika stafrænna útsendinga saman við samtöl, afþreyingu og hagnýt not í daglegu amstri og störfum. „Ég sé ekki mikla möguleika hvað varðar gagnvirk samskipti eða not af tækninni í daglegum störfum, til þess þarf að vera hægt að persónugera útsendingar mun meira en nú er mögulegt, hvað sem síðar verður. Möguleikar einátta miðlunar virðast því helst vera í dreifingu afþreyingar.”

Hann minnir á að útsendingar í farsíma verða frá byrjun í samkeppni við aðra miðla, til dæmis útvarp, sjónvarp og Internetútsendingar sem eru aðgengilegar á stærri skjám en á farsíma eða í lófátölvu. „Fullorðnir notendur munu nýta sér afþreyingarefni og fréttir þegar þeir eru á ferðinni, til dæmis þegar þeir eru að bíða á flugvöllum, stoppistöðvum eða eru að nota almenningssamgöngur. Það er stærri spurning hvernig unglingar munu nálgast þessa tækni. Þeir eru vanir því að nota marga miðla samtímis; spila tölvuleik, senda SMS, hlusta á tónlist í iPod og hafa kveikt á sjónvarpi, allt á sama tíma. Hvernig útsending á litlum skjá mætir þörfum þeirra eða heldur athygli þeirra veltur sjálfsagt á efni sem um er að ræða.”

Þórarinn bendir á að þó að tækni sé fyrir hendi og vel auglýst þá er engin trygging fyrir því að almenningur nýti sér hana. Hann bendir á að gagnasamskipti á milli farsíma, t.d. MMS myndskilaboða, sé mjög lítil hluti af heildarnotkuninni.

Leggja þarf áherslu á óskir og þarfir notenda

„Ég tel því mjög mikilvægt fyrir þá sem ætla sér að ná árangri á þessu sviði að kynna sér mjög vel hvernig notendur vilja hagnýta sér tæknina og hvort þeir vilji yfir höfuð horfa á einátta útsendingar í farsísum sínum. Skoða þarf hvernig notendaviðmót þarf að vera og hvernig ungt fólk vill nýta sér tæknina, vilja þeir nýta sér útsendingar á hefðbundnu formi eða þarf að bjóða þeim meiri gagnvirkni?”

Reyndar vill Þórarinn gefa útsendingunum 2 – 3 ár áður en þjónustan og



Þórarinn Stefánsson stundar meistaranám í upplýsingatækni við ITU háskólann í Kaupmannahöfn

tæknin nær þeim þroska sem þarf til að þjónustan geti notið almannahylli enda eru margir mismunandi hagsmunaaðilar sem þurfa að ná saman. Þar má nefna fjarskiptayfirvöld, efniseigendur og efnisframleiðendur, fjölmiðlafyrirtæki, símafyrirtæki og framleiðendur smátækja og lófátölva.

„Á þessum tíma mun fjölmiðlun þróast á öðrum sviðum og þannig munu væntingar og þarfir neytenda einnig breytast. Jafnframt þarf að ganga frá lagalegum atriðum, verðlagningu og tæknilegri grunngerð. Næsta víst er að þróunin verður sú að notendur munu venjast því að geta ráðið sjálfir hvaða efni þeir nýta sér, hvernig og hvenær þeir gera það. Myndveitur og tæki sem taka upp efni sem má horfa eða hlusta á síðar verða sífellt algengari og á veraldarvefnum spretta upp fjölmargir aðilar sem dreifa efni sem ýmist er ókeypis eða þarf að greiða vægt verð fyrir.”

Að sögn Þórarins bendir þetta til þess að hugsanlega verði þeir sem vilji hasla sér völl með útsendingar í farsíma að byggja inn gagnvirkni og mynd- og hljóðveitupjónustu. Jafnvel ætti að huga að því að notendur geti sjálfir gerst framleiðendur efnis og geti miðlað því til annarra með eða án endurgjalds.

Spennandi framtíð

Þrátt fyrir að tæknin sé ung og mörgum spurningum ósvarað bendir samt sem áður ýmislegt til þess að dreifing vídeóefnis í handheld tæki geti verið spennandi þáttur í upplýsingamiðlun og afþreyingarþjónustu framtíðarinnar. Meirihluti farsíma sem seljast á árinu 2006 verða með myndavél og geta margir hverjir tekið upp stutt myndskaið. Bendir það til þess að almenningur vilji að minnsta kosti hafa möguleikann á því að taka upp efni og deila því með öðrum.

Hver veit nema unglingar framtíðarinnar geti nýtt farsíma og lófátölvur til að skiptast á efni án milligöngu afþreyingarfyrirtækjanna með enn meiri krafti en nú. „Mér finnst freistandi að líta til „podcasting“ og spái því að hátt hlutfall vídeóefnis fyrir farsíma og lófátölvur verði búin til af sjálfstæðum framleiðendum og framleiðslan kannski keypt upp af dreifingaraðilum þegar vinsældum er náð. Slíku efni verður þá dreift með myndveitum sem aðgengilegar eru í farsísum, lófátölvum og á veraldarvefnum,” segir Þórarinn að síðustu.

Hægt er að kynna sér skrif Þórarins um útsendingar í farsíma á vefslóðinni <http://thorarin.com/texts>



// Hákon Davíð Halldórsson

Stafræn afþreying á heimilinu

Stafræn tækni hefur gjörbreytt því hvernig framleiðsla og dreifing á kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og tónlist fer fram. Mest hafa neytendur orðið varir við þessar breytingar í tónlistarheiminum, þar sem netsíður ýmist selja eða dreifa ókeypis tónlist, líkt www.tonlist.is annars vegar og www.rokk.is hins vegar.

Íslendingar hafa ávallt verið fljótir að tileinka sér nýja tækni og hljóta að teljast frumkvöðlar á alþjóðamælikvarða þegar kemur að innleiðingu nýrra tæknilausna. Nýjungar í stafrænni afþreyingu hafa þar af leiðandi notið talsverða vinsælda hér á landi og nægir að nefna tilkomu Digital Ísland og Sjónvarp yfir ADSL frá Símanum.

Hugtakið stafræn afþreying vísar þó ekki einungis til tækjanotkunar við að horfa á sjónvarp eða hlusta á tónlist, heldur til notkunar stafrænnar tækni við hvers konar afþreyingu. Myndir sem teknar eru á stafrænar myndbandsupptökuvélar, stafrænar myndavélar eða lesnar inn á tölvur með skanna teljast einnig til stafrænnar afþreyingar. Víða eru heimilistölvur notaðar til þess að vinna með og vista hvers konar stafrænt efni, til dæmis tónlist og/eða fjölskyldumyndir. Í flestum tilfellum fer notkun efnisins þó fram í nánd við tölvuna, á tölvuskjá eða í hátölurum sem eru beintengdir við tölvuna. Tæknin býður upp á mun víðtækari notkun á stafræna efni.

Margir tölvuframleiðendur hafa kappkostað við að auðvelda neytendum þetta skref, ýmist með hugbúnaðarlausnum eða vélbúnaðarlausnum. Sem dæmi má nefna Media Center tölvur og margmiðlunarspilara sem eru bæði með innbyggðum hörðum diskum og netkorti. Skoðum hvora lausn fyrir sig.

Margmiðlunartölvur fyrir heimilið

Media Center tölvur eru í raun öflugar heimilistölvur sem eru búnar stórum hörðum disk, sjónvarpskorti og öflugu hljóðkorti auk öllum nauðsynlegum búnaði til að tengjast heimilisneti. Tölvurnar eru með Microsoft Windows XP Media Center stýrikerfi og sérstökum hugbúnaði sem stýrir því hvaða efni er verið að nota hverju sinni og hvert því er varpað. Notandinn getur, með notkun forritsins, auðveldlega fundið efni á tölvunni eða öðrum tölvum á heimilinu og spilað í sjónvarpi, heimabíói, skjávarpa eða á tölvuskjánum.



Brú á milli tölvunnar og sjónvarpsins

Fjöldi framleiðenda hafa sent frá sér margmiðlunarspilara sem spila DVD og tónlistardiska, auk þess sem þeir geta lesið og spilað ýmsar tölvuskrár, til að mynda jpg, mpeg, mp3 og divX. Einnig hafa framleiðendur á borð við Kiss, sem er í eigu Cisco, stigið skrefinu lengra og bætt hörðum disk og netkorti í sinn spilara. Þessi „litla“ breyting felur í sér að spilarinn verður brú á milli tölvukerfisins og sjónvarpskerfisins á heimilinu. Á harða diskinn má vista efni eða taka upp beint úr sjónvarpi, auk þess sem hægt er að streyma efni af tölvum í gegnum margmiðlunarspilarann og horfa á í sjónvarpi, án þess að færa gögnin á milli staða.

„Prosumer“: Framleiðandi, dreifingaraðili og neytandi

Kostir stafrænnar afþreyingar eru þó ekki einungis bundnar innanhússnotkun. Tæknin auðveldar dreifingu og öflun á stafrænu efni, m.a. yfir Internetið. Hugtakið „Prosumer“ lýsir vel þeim sem nýta sér stafræna afþreyingu til

fulls þar sem að þeir framleiða og dreifa stafrænu efni samhliða því sem þeir kaupa og neyta efnis. Áðurnefnd dæmi um tónlist og sjónvarp eru til marks um þær breytingar sem nú ganga yfir, auk þess sem framleiðendur eru í auknum mæli að huga að einfaldleika í vinnslu, prentun og dreifingu á stafrænum myndum.

Framtíðin í höndum framleiðenda

Væntanlega má búast við enn frekari þróun í stafrænni afþreyingu, og stýttist í að hátækniheimili á borð við það sem sést í framtíðarmyndum verði að raunhæfum möguleika. Framleiðendur kappkosta við að styðja við þessa þróun, ekki aðeins á neytendastigi, heldur á öllum stigum virðiskeðju stafrænnar afþreyingar. Lausnir og þjónusta þessa fyrirtækja, auk skilnings á væntingum og upplifun neytenda, drífa stafrænu byltinguna áfram. Þessi fyrirtæki breyta því hvernig afþreyingarefnið er framleitt og dreift, auk þess hver upplifunin af neyslu afþreyingarinnar er.

Ábyrgð þeirra sem skrifa á Netinu

Viðtal við Eirík Tómasson, lagaprófessor við Háskóla Íslands og Reyni Traustason, ritstjóra Mannlífs

Í samræmi við aukna útgáfustarfsemi á Netinu þar sem „allir“ geta sagt skoðanir sínar á mönnum og málefnum með mun opnari hætti en áður er nauðsynlegt að ræða um ábyrgðina sem fylgir slíku frelsi. Tölvumál ræddi við Eirík Tómasson, lagaprófessor við Háskóla Íslands, og Reyni Traustason, ritstjóra Mannlífs, sem segjast m.a. reikna með fjölgun meiðyrðamála í takt við aukinn fjölda netmiðla og að herða þurfi lög um ábyrgð vefsíðna.

Umræðan um ábyrgð á Netinu var síðast í hámmáli þegar Jón Ólafsson vann meiðyrðamál gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni sem höfðað var á Englandi. Í Lúganó-samningnum um fullnustu dóma í einkamálum er meginreglan sú að lögsækja skuli menn í þeim löndum sem þeir eru búsettir í en ein undantekninga er sú að höfða megi mál um skaðabætur fyrir dómstóli í því landi sem tjónið varð.

Fjölgun meiðyrðamála í takt við aukinn fjölda netmiðla

Spurðir um hvort þeir sjái fram á aukningu í meiðyrðamálum hér á landi í samræmi við aukinn fjölda netmiðla, sbr. bloggvefja og ýmissa fréttamiðla, segir Reynir það vera ljóst að málum á borð við Hannesarmálið muni koma fyrir dómstóla á næstunni og þar reyni á ábyrgð hýsils og þeirra sem skrifa. Eiríkur tekur í sama streng og undirstrikar að orðum manna fylgi ábyrgð. „Ef menn setja eitthvað á Netið þá er verið að beina því til allra og því sama uppi á teningnum og ef menn segja eitthvað í fjölmiðlum. Því tel ég að meiðyrðamálum gæti fjölgað frekar en hitt,” segir Eiríkur.

En eru þeir aðilar sem skrifa á vefnum nægilega meðvitaðir um þá ábyrgð sem þeir bera með sínum skrifum um menn og málefni?

„Nei,” segir Eiríkur og bætir við. „Það er eins og menn telji að þeir séu aðeins að skrifa einkabréf til eins manns eða örfárra manna en hins vegar er það efni sem birtist á Netinu eitthvað sem allir hafa aðgang að.”

Reynir er á því að sumir sem skrifi á vefinn séu fyllilega meðvitaðir um ábyrgð sína og hegði sér í samræmi við það. „Alvarlegar undantekningar er að finna þar sem allir eru nafnlausir. Þar skapast eins konar siðareglur sem ganga út á það eitt að þeir sem skrifa eigi að njóta nafnleyndar. Og nafnleysingjarnir telja sig mega segja hvað sem er um nafngreinda aðila.

Mörg þekkt dæmi eru til um þetta á spjallþráðum á borð við malefnin.com. Öllum má ljóst vera að engin glóra er í því fyrir þann sem borinn er sökum að reyna að verjast á vettvangi nafnleysingjanna. Á slíkum vettvangi er nauðsynlegt að einhver sé ábyrgur og geti leitað réttar síns þegar um er að ræða meiðandi skrif. Þetta þýðir engan veginn að banna eigi nafnlaus skrif á vefnum fremur en í dagblöðum en skilgreina þarf ábyrgð þess sem heldur úti spjallþráðunum.”

Harðari lög um ábyrgð vefsíðna

Hvort herða þurfi löggjöf á þessu sviði segir Eiríkur að almennt taki núverandi lög ágætlega á þessum málum en hins vegar þurfi að herða lög varðandi ábyrgð þeirra sem bera ábyrgð á einstökum vefsíðum. „Ábyrgð einstaklinga er frekar skýr en erfitt er að færa sönnur á hver setti efni á Netið þó svo að fingraför sé hægt að rekja til ákveðinnar tölvu.”

Að sögn Reynis þarf tvímælalaust að miða löggjöf við að á Netinu sé umræða sem hafi mikinn lestur og útbreiðslu. „Það er eðlilegt að krafist sé ábyrgðarmanns á síðum sem eru vistaðar af íslenskum netþjónum og jafnframt að löggjöf miðist við að erlendum netþjónum sé skylt að upplýsa um þá sem kaupa af þeim þjónustu þegar um er að ræða staðfestan grun um meiðyrði eða brot gegn friðhelgi. Jafnframt þarf löggjöf að miðast við það efni sem er sett fram á íslenskri tungu falli undir sambærilegar reglur og þegar um er að ræða prentmiðla og ljósvakamiðla. Aðalatriði er að lög verði sett um sjóræningjasiður. Dagljóst er þó að aldrei verður hægt að fyrirbyggja að einhverjir haldi úti slíkum síðum rétt eins og ekki er hægt að koma í veg fyrir veggjakrot eða að menn gefi út dreifirit án þess að getið sé ábyrgðarmanna. En það þarf að skilgreina ábyrgð þeirra sem skrifa og einnig þeirra sem hýsa skrifin.”

„ Það er eins og menn telji að þeir séu aðeins að skrifa einkabréf til eins manns eða örfárra manna en hins vegar er það efni sem birtist á Netinu eitthvað sem allir hafa aðgang að. “

Eiríkur Tómasson



Reynir Traustason

„ Og nafnleysingjarnir telja sig mega segja hvað sem er um nafngreinda aðila. Mörg þekkt dæmi eru til um þetta á spjallþráðum á borð við malefnin.com. Öllum má ljóst vera að engin glóra er í því fyrir þann sem borinn er sökum að reyna að verjast á vettvangi nafnleysingjanna. “



// Einar H. Reynis

// Ritari í stjórn Ský og fyrrum ritstjóri Tölvumála

Hugbúnaður réði gátuna

Þættirnir **Mythbusters** á sjónvarpsstöðinni **Discovery** eiga marga aðdáendur. Þeir félagarnir og þáttarstjórnendurnir **Adam Savage** og **Jamie Hyneman** taka fyrir ýmsar sögusagnir og athuga hvort þær fái staðist. Oft eru tekin alveg ótrúleg dæmi eins og hvort það sé mögulegt að nota regnhlíf sem fallhlíf, og tilraunadúkkann **Buster** fær oft að kenna á því þegar „manneskja“ á í hlut í tilrauninni.

Á bakvið hvern þátt er eins og gefur að skilja mikil vinna og þó það sjáist ekki eru tölvur notaðar til að gera líkön af ýmsum atriðum og þannig sjá fyrir um niðurstöðu. Ein slík var þegar átti að reyna á lífseiga sögu frá tímum þrælastríðsins í Bandaríkjunum. Suðurríkjaherinn átti að hafa smíðað eldflaug sem dró um 160 kílómetra. Það ótrúlega er að eldsneytið átti að hafa verið salami-pylsa en sagan hefur sagt að ákveðið efni í henni væri nothæft sem eldsneyti. Forritið **CosmosWorks** var látið herma eftir þessu og það sagði að eldflaugin myndi loga í fáeinar sekúndur með þessu „eldsneyti“. Það kom svo á daginn að þetta var það sem gerðist.

Þessi fróðleiksmoli féll til á kynningu hjá fyrirtækinu **SolidWorks** þar sem 2007 útgáfa samnefnds hugbúnaðar var til sýnis en auk þrívíddarhönnu narhugbúnaðar sem fyrirtækið er annars hvað kunnast fyrir er einnig um að ræða ýmis önnur forrit fyrir sérhæfð verkefni í hönnunargeiranum, þar á meðal er **CosmosWorks**. Á blaðamannafundi með fulltrúum fyrirtækisins kom fram að þrívíddargeirinn sé enn í vexti og margir óplægðir akkrar. Ein framtíðarsýn fyrirtækisins er sem dæmi eins konar rafræn útgáfa á myndalistum en eins og staðan er í dag þurfa hönnuðir gjarnan að leita í prentaða vörulista til að finna aukahluti við hönnun en ef slíkt væri fært í rafrænan búning myndi það spara fé og fyrirhöfn og auka nákvæmni í vinnu.


Fulltrúi **SolidWorks**, **Jeremy Hines**, sýndi viðstöddum helstu nýjungar þetta árið og má þar nefna tækni sem kallast **SWIFT** sem er til að einfalda og flýta fyrir vinnu í þrívídd og kanna um leið áreiðanleika hönnunarinnar. Hann sýndi dæmi um hluta af armi á fjarstýrðum kaþbát og hvernig hann var hannaður frá upphafi til enda. Forritið skilaði af sér tilbúnum vinnuteikningum og meðal

annars var hægt að reyna mismunandi málma til að sjá hvað armurinn yrði þungur þegar hann væri fullsmíðaður og hvernig hann myndi lita út áferðarlega. Þar sem hlutir fara gjarnan milli aðila til frekari vinnslu er möguleiki að senda vinnuskjöl með sérstöku forriti fyrir flutning um tölvupóst og þá geta viðtakendur einnig sett inn athugasemdir og sent áfram.

Meðal annarra nýjunga eru möguleikar á að gera vinnuskissur og sjá hvernig hlutir vinna saman áður en lengra er haldið. Þannig var sýnt hvernig vél samtengd með beltí vann og hvernig bílatjakkur virkaði á frumstigi hönnunarinnar.

Nýburakassi hannaður í þrívídd

Tveir fulltrúar norska fyrirtækisins **360 Grader Produktdesign AS** sýndu ýmsa gripi sem voru hannaðir í **SolidWorks** og kennir þar margra grasa, frá einföldum flöskum úr plasti og uppúr. Metnaðarfullsta verkefni þeirra til þessa er nýburakassi sem verður tilbúinn á árinu 2008 en fyrirtækið fékk sérstök verðlaun frá **SolidWorks** á seinasta ári fyrir hann. Tæki sem þetta er afar flókið og tímafrekt í hönnun og nákvæmnissmíð eins og nærri má geta en með hugbúnaði er hægt að sjá nánast allt fyrir, bæði útlit og eiginleika. Núna er búið að senda skjöl til bandarísks fyrirtækis sem sérhæfir sig í loftflæði til að vinna að þeim hluta nýburakassans. Einnig var greint frá því að frumgerð má smíða úr sérstakri plastblöndu til að fá betri tilfinningu fyrir stærð og yfirbragði hlutarins þegar hann verður smíðaður.



ÁNÆGÐUR

með Business Objects frá Skýrr

Forskot í samkeppni byggist á skilvirkri ákvarðanatöku. Með notkun Business Objects frá Skýrr við markvissa úrvinnslu gagna verða til verðmætar upplýsingar, sem lagðar eru til grundvallar velgengni í rekstri.

Business Objects

- Business Objects samhæfir gögn úr ólíkum gagnagrunnum, gagnamörkuðum og vöruhúsum gagna. Business Objects veitir djúpa og breiða yfirsýn á hvaðeina í rekstri fyrirtækja og uppfyllir þarfir þeirra á sviði viðskiptagreindar.
- Meðal notenda Business Objects frá Skýrr eru Fjársýsla ríkisins, Háskóli Íslands, Kauphöll Íslands, KB banki, Kreditkort, Landsbankinn, Landspítali - háskólasjúkrahús, Og Vodafone, Síminn, Sparisjóðirnir, Tollstjórnin í Reykjavík, Tryggingamiðstöðin og Vinnuálastofnun.

„Kauphöll Íslands notar Business Objects frá Skýrr til að keyra út flest yfirlit. Hröð gagnavinnsla búnaðarins sparar okkur bæði tíma og fyrirhöfn. Öll umgengni við gögn eru auðveldari og möguleikar við framsetningu upplýsinga eru mjög fjölbreyttir. Afar hentugt er að geta safnað gögnum úr mörgum mismunandi áttum í eina skýrslu. Birting gagna á vef er sömuleiðis einkar auðveld. Kerfið er einsleitt í viðmóti og auðvelt í notkun. Kauphallirnar í Reykjavík og Osló vinna nú að uppbyggingu og þróun sameiginlegra gagnagrunna og nota til þess þennan búnað. Ég mæli því hiklaust með Business Objects frá Skýrr.“

Hermann Bráinsson
Kauphöll Íslands

Skýrr

skýrr.is / 569 5100



// Einar H. Reynis

// Ritari í stjórn Ský og fyrrum ritstjóri Tölvumála

CeBIT 2006

Ef sýning þessa árs er borin saman við árið á undan kemur á daginn að mun fremur var skerpt og unnið úr því sem mest var í sviðsljósinu þá fremur en að eitthvað nýtt væri á allra vörum. Engu að síður var margt að sjá sem endranær en höfundur þessa pistils ákvað að fara á nokkuð aðrar slóðir en undanfarið og svo var gagnlegt að lyfta upp torfunum og sjá hvað í rauninni iðar undir. Sumt er gott fyrir gróðurinn en annað vill vera utan dagsbirtunnar. Það snjóaði og blés heil ósköp í Hannover þetta árið og líktist mest íslensku vetrarveðri í sínum kröftuga ham.

Bless strikamerki, eða hvað?

Núna virðist sem mikill byr sé að færast í segl örmerkjatekninnar, RFID, en hún var sérstakt þema þetta árið og fékk mikla umfjöllun. Fyrir önnvígða er um að ræða litla senda, eða kannski frekar einskonar spegla, sem senda frá sér upplýsingar þráðlaust á viðtæki þegar geisla er varpað á merkið. Gróft séð er um að ræða tvo flokka örmerkja, annars vegar mjög smá merki sem draga stutt og svo merki sem hafa eigin aflgjafa og geta dregið nokkru lengra. Nú er það svo að RFID er alls ekki ókunnug tækni, og rætur hennar ná áratugi aftur. Ýmsir lesendur eru efalaust að nota aðgangskort daglega til að opna dyr þegar þau eru borin upp að skanna og má segja að sé RFID. Það sem er nýtt er mjög útbreidd og kerfisbundin notkun staðlaðra örmerkja sem ætlað er til að merkja einstaka gripi. Þetta er nokkuð viðtækt eins og gefur að skilja og kannski ekki allt sem sýnist.

Ef við hugsum okkur að hver einasti hlutur í kringum okkur sé þannig merktur má á augabragði kalla fram ógrynna upplýsinga. Sá sem gengi inn í herbergi gæti fengið lista yfir allt sem er þar inni og það sem væri inni þyrfti ekki einu sinni að vera sýnilegt því hugmynd um notkun á RFID er að „sjá“ lagnir og einangrun inni í veggjum og hvaða efni er þar notað. Sama gildir um allt sem væri inni í skápum og svona mætti áfram telja. Það er meðal annars þessi framtíðarsýn sem hrellir marga sem krefjast þess að takmarkanir verði á notkun RFID svo ekki megi nota tæknina til að fylgjast með einkahögum fólks og stefna öryggi í hættu.

Engu að síður er talað um 2006 sem ár RFID og ýmsar tilraunir hafa verið í gangi og jafnvel farið að nota tæknina eins og að merkja farangur fyrir flug eða pakka sem fara í póst. Annar angi tækninnar er að beita henni til að koma í veg fyrir falsanir og dæmi sem þar eru nefnd eru lyf og peningaseðlar. Á CeBIT mátti einnig sjá ýmsar hugmyndir um notkun RFID og ein slík væri að merkja fólk við björgunarstörf með örmerkjum. Þannig mætti sjá staðsetningu allra sem væru á björgunarstað þó það væri almyrkvað eða ekkert sæist fyrir reyk. Núna er verið á örmerkjum á leiðinni niður og notkun og útbreiðsla þeirra mun aukast gífurlega á skömmum tíma. Sömuleiðis er staðlavinna í fullum gangi til að tæknin verði samræmd sem viðast.

Að þessu slepptu, að geta borið örugg kennsl á hluti eða fylgst með ferðum þeirra, þá er það á sviði verslunar sem mikið er horft til RFID til að koma í stað strikamerkja en leiðandi innan Evrópu hefur verið verslunin METRO í Þýskalandi og altalað er hvernig svokölluð framtíðarverslun þeirra hefur verið notuð sem dæmi um hvernig smásöluverslun gæti verið þegar fram líða stundir. Í viðtali við fréttabréf á CeBIT sagði einn stjórmaður METRO að verslunin væri mjög meðvituð um efasemdir og áhyggjur viðskiptavina sinna og að persónuvernd og öryggi væru mikilvæg atriði. Viðskiptavinurinn á móti hefði betri tök á að vita hvort varan væri fersk og hver uppruni hennar væri. METRO hefur líka verið í oddaðstöðu með að vinna með ýmsum aðilum til að fá kerfi þeirra til að vinna saman. METRO segir að frumherjavinnan sé þegar að skila sér því RFID muni ásamt rafrænum viðskiptum, EDI, líklega



Yesterday

DM 99.90

Today

RFID
The Future of Retailing

8 999254

Visit us at CeBIT 2006!

CeBIT
Join the vision

**March 9-15, 2006 in
Hannover, Halle 6, Stand E50.**

When shopping, in leisure activities and at home – Radio Frequency Identification (RFID) improves convenience and boosts efficiency. The METRO Group Future Store Initiative is showcasing this innovative technology and its applications in various areas of everyday life at CeBIT 2006. The presentation underscores the position of METRO Group as innovation leader in commerce – it is the first company in its sector to exhibit at the world's largest IT fair.

METRO Group
Future Store Initiative

powered by

geta sparað fyrirtækinu árlega 8,5 millj. evra.

Evrópusambandið hefur mikinn áhuga á málefnum RFID og má benda á sérstaka heimasíðu þess: http://ec.europa.eu/information_society/policy/rfid/index_en.htm

Jörðin verður flöt

Í útsendingu frá

söngvakeppni Evrópskra sjónvarpsstöðva í vor var spaugað með að Vestur-Evrópubúar væru að horfa á flatsjónvarpstæki en fyrir austan væri verið að horfa á 12 tommu lampatæki. Það er sannleikskorn í þessum svarta húmor því núna eru myndlampatækin alveg að syngja sitt síðasta og fréttir berast reglulega af því að þessari eða hinni verksmiðjunni hafi verið lokað þar sem myndlampatæki hafa verið framleidd. Neytendur eru greinilega afskaplega hrifnir af þessu formi tækjanna þó svo halda megi því fram að litgæðin séu ekki alltaf alveg í takt við það sem góð lampatæki eru fær um. Síðan er annað mál hvað fer að taka við því flötu tækin eru oftast en ekki sögð vera HD Ready. Það merkir að þau eigi að vera tilbúin í útsendingar í háskerpu.

Líklega hafa ekki margir Íslendingar enn séð háskerpusjónvarp og vita ekki á hverju þeir eiga von. Höfundur sá þetta fyrst á franska vísindasafninu La Villette árið 1993 en stærð tækisins var ekki neitt samanborið við tröllin sem fóru að sjást á CeBIT mörgum árum seinna. Og þannig hefur það verið í mörg ár og skjáirnir fara sífellt stækkandi. Ekki nóg með það heldur verður maður alveg orðlaus yfir skerpunni sem hægt er að ná og það er samhljóða álit þeirra sem fara að horfa á háskerpusjónvarp að ekki verði aftur snúið, og nota þá ýmsar líkingar til að undirstrika hvað eldri tæknin sé gróf. Það er engu

upp á þetta logið. Þetta eru vatnaskil.

Stærstu framleiðendur sjónvarpstækja voru að sýna línu sína og tefla fram græjum sem settu ný met í stærðum, hvort sem það voru LCD eða Plasma sjónvarpstæki en þegar skjástærðin er orðin 108 tommur er deginum ljósara að slíkt ratar ekki inn á nein heimili. Líklega eru 40 til 50 tommur

nærri lagi fyrir heimili en því má skjóta að að þumalfingursregla segir að taka eigi skjástærð og margfalda með 2,5 til að vita hversu langt eigi að sitja frá tækinu.

En hvað með framboð efnis í háskerpu? Í þessum orðum rituðum er sjónvarpsstöðin Sky að hefja útsendingar á völdu efni með háskerputækni og ýmsir íþróttaviðburðir verða fyrstir og svo bíómyndir og spennuserían 24.

Á CeBIT á hinn bóginn var verið að sýna nýjustu útgáfur af háskerpu DVD spilurum og sem fyrr eru, því miður, tvær kvíslir þar að ná athygli, annars vegar HD DVD frá Toshiba og hins vegar Blu-ray frá Sony. Ekki hefur náðst samkomulag um eina tækni og því lítur út fyrir blóðugan markaðsbardaga í anda Beta og VHS hér um árið (reyndar var V2000 líka til en náði aldrei flugi). Samhliða þessu er kapphlaup um að ná hylli kvikmyndaframleiðanda um aðra hvora tæknina. Frá sjónarhóli gestanna á básum þessara aðila skipti ekki máli um einhver atriði í hvorri tækni um sig. Myndgæðin eru alveg frábær.

Þeir sem eru áhugasamir um að prófa þetta verða þó að gæta að ýmsum atriðum að því undanskildu að sitja ef til vill uppi með spilara sem verður



Fréttamenn fóru víða um til að ræða við sýnendur, sem notuðu ýmis gerfi



GPS leiðsögotækni drógu að áhugasama gesti



Romina Schirmeisen og Jens Perlewitz sýndu sjónvarp í farsíma



Fullkomið heimabíó með öllu

úreltur. Málið er að til að útiloka afritun verða spilarar og sjónvarpstækin að tengjast með sérstökum skilum því ella er læst á háskerpuna en til viðbótar verður alls kyns brögðum beitt til að hindra óheimila afritun og dreifingu. Maður spyr sig því eðlilega, þegar farið er á aðra bása á CeBIT, hvað þetta þýði. Nú er mikið rætt og ritað um að á heimilum verði einn geymslumiðill fyrir mynd og hljóð. Gott og vel með eigin kvikmyndir og ljósmyndir en trúlega verður nánast algeng útilokað að dreifa efni á mörg viðtæki frá einum stað ef þessar svokölluðu DRM-læsingar verða stöðugt kröftugri. Útkoman verður væntanlega að tiltölulega fáir verða vottaðir til að framleiða alvöru háskerpur DVD spilara (engir kínverskir 5.000 krónu spilarar í Bónus) og það verður að para allt nákvæmlega saman, spilara og sjónvarpstæki, eitt við eitt, ella muni ekkert virka.

Þannig að þetta er allt að smella saman með þessum fyrirvara, að heimili verði eins og lítil kvikmyndahús. Sjónvarpstækin að stækka. Myndgæðin að verða eins og í bíói og hljóðkerfin nánast algeng eins og þar. Samhlöða er tíminn frá því mynd fer í kvikmyndahús og þangað til hún kemur út á disk að styttest svo það er ekki að furða að efnisframleiðendur reyna að tryggja sig í bak og fyrir en stór spurning hvort þeir gangi ekki allt of langt. Sem dæmi eru hugmyndir um að spilarar verði að vera nettengdir til að virka, og að gera megi þá óvirka af framleiðendum ef læsingar eru rofnar. Það sem er þó verra er að til skuli vera tvær kvíslir háskerpuspilara og útkoman gæti verið endurtekning á tilraunum til að búa til hágæða tónlistardiska með tveimur mismunandi kvíslum, SACD og DVD Audio, sem báðar enduðu í blindgötu. Ekki er hægt að segja skilið við sjónvarp án þess að minnst á vaxtarbroddinn í farsímum en víða mátti sjá slíkar útfærslur, sem eru einar þrjár kvíslir eftir því hver markhópurinn er. Innan Þýskalands er treyst á að heimsmeistarakeppnin í fótbolta í sumar verði mikil lyftistöng fyrir tæknina. Ekki er hægt að segja annað en að gæðin séu almennt í lagi þó skjástærðin sé bara eins og hálf póstkort.

Fjölbreytni í fjarskiptunum

Þó þetta tvennt sem að ofan er talið hafi verið áberandi var einnig gaman að sjá gróskuna í ýmsum geirum fjarskiptanna. Einhverjir kunna að muna

eftir tilraunum hér á landi við að dreifa tölvufjarskiptum um rafmagnslínur. Eftir tilraunir víðsvegar um heiminn gáfust þeir upp sem að þessu komu einn af öðrum og algjör þögn ríkti um endalokin á Íslandi. Hér skal áréttað að þessi tegund fjarskipta er í raun þrískipt. Í fyrsta lagi það sem kynnt var til sögunnar hér, að nota dreifikerfið frá veitu til húsa til að bera fjarskiptin. Síðan er aðferð að dreifa efni frá inntaki húsa upp á hæðir til dæmis í margra hæða fjölbýlishúsi og svo það seinasta sem er að taka inn í íbúðir tölvufjarskiptin á vanalegan hátt en dreifa síðan um húsnæðið með rafmagni.

Eins og gefur að skilja eru vegalengdir minnstar við slíkt og því raunhæft að framkvæma þetta enda er það svo að til eru sérstök samtök, Powerline alliance, sem vinna að samræmingu og að stöðlun á þessari tækni. Á CeBIT voru fjöldamargir að sýna græjur sem þessu fylgir og hraðinn bara dágóður og þetta virkar í alvöru. Ef koma á til dæmis Etherneti milli herbergja má nota þar af tækjum til að bera gögn um raflögnina í stað þess að draga tölvukapla um húsnæðið. Þessi tæki eru eins og stórir spennubreytar með Ethernet tengli og annað væri sem dæmi sett við beini heimilisins en hitt tækið í parinu þar sem tölvan er og raflögnin notuð á milli. Þar sem tækin eru þöruð saman með raðnúmerum á að vera tryggt að enginn óviðkomandi geti farið inn á sendinguna og með nýjum stöðlum á hraðinn að vera meiri en nóg fyrir það sem ADSL býður upp á í dag.

Svokallað WiMax mjakast áfram í þróun en ekki er enn farið að bóla á neinum fjöldaframleiddum endabúnaði. WiMax er tækni til að dreifa gögnum þráðlaust langar leiðir og í orði kveðnu á að vera mögulegt að senda á margra megabita hraða fleiri kílómetra leið. Það er helst að horft er til sveitanna sem markaðssvæði fyrir WiMax en tæplega til að keppa við ADSL í þéttbýli. Einn framleiðandi var með heimsfrumsýningu á viðtæki sem hann sagði uppfylla 802.16e hluta WiMax staðalsins en hann er fyrir endabúnað á ferð. Annar sýningaraðili sagði höfundi að líklega væri þetta plat og að í raun væri verið að nota köresku tæknina WiBro sem er skyld WiMax. Aðspurður um aðstæður á Íslandi fyrir WiMax taldi hann góðar líkur á að hún myndi virka hér og þar sem búið er að prófa tæknina á norðlægum slóðum, hefur allt gengið vel.

Heiðursfélagi Ský Örn Kaldalóns

Hefur starfað í „fróðtækni“ frá 1962

Örn Kaldalóns var gerður að heiðursfélagi Skýrslutæknifélags Íslands á síðasta aðalfundi félagsins sem haldinn var í febrúar sl. en hann hefur starfað í upplýsingatækni frá árinu 1962 og verið félagi í Ský frá 1978. „Ég vil nú nota tækifærið og leggja til að „upplýsingatækni“ verði framvegis kölluð „fróðtækni“ sem er bæði styttra og þjálla orð en „upplýsingatækni“. Orðanefndin lagði til í 3. útgáfu Tölvuorðasafns að orðið „fróð“ yrði notað fyrir upplýsingar, sérstaklega í samsetningum.“

Örn var einungis 17 ára gamall er hann réð sig til starfa hjá Ottó A Michelsen til að kynna og selja rit- og reiknivélar. „Þetta var árið 1962 en næsta ár fór ég að læra á skýrslugerðarvélar, kallaðar „Unit Record Equipment“ á ensku. Þetta var vélahópur sem vann saman eins og ein tölva í dag og voru sumar þeirra forritaðar með tengitöflum. Ég var búinn að læra að tengja þær allar árið 1964.“

Fylgst með ferðum í ÁTVR

Það má í raun setja samasem merki á milli Arnar og IBM þar sem hann starfaði frá árinu 1967 sem forritari og sérfræðingur hjá IBM á Íslandi og hjá Nýherja frá árinu 1992, auk þess að sinna ýmsum fleiri störfum, þar til hann tók við starfi framkvæmdastjóra hjá ICEPRO árið 2004. Örn hefur því fylgt tölvusögu Íslands og þegar minnst er á skemmtilega atburði nefnir Örn þegar hann forritaði kerfi fyrir ÁTVR á IBM Series/1 tölvu. „Kerfið var tekið í notkun 1. janúar 1980 og var í gangi í níu ár. Verðbólga geisaði á þessum tíma og fyrstu mánuðina forritaði ég hverja verðhækkun fyrir sig. Þá fóru menn að fylgjast með því hvert ég væri að fara og væri áfangastaðurinn ÁTVR flýttu menn sér í ríkið til að verða á undan hækkuninni. Svo forritaði ég breytustýrt hækkunarforrit fyrir starfsmenn ÁTVR og datt þá botninn úr skyndiferðum til ÁTVR.“

Mikilvægt hlutverk Ský

Örn hefur setið í Orðanefnd Ský síðan 1978 en nefndin hefur undirbúið fjórar útgáfur af Tölvuorðasafninu. Þá situr hann í Öldungadeild félagsins en þar geta allir orðið félagar sem unnið hafa 25 ár eða lengur á sviði upplýsingatækni. Spurður um gildi Ský fyrir annars vegar upplýsingatæknigeirann og hins vegar fyrir samfélagið segir Örn að Orðanefnd Ský hafi stuðlað að því að unnt sé að tala og skrifa um tölvutæknina á íslensku. „Ný orð og hugtök sem tengjast tölvu- og

upplýsingatækni berast hratt að og orðaforðinn er yfirleitt á ensku. Því er bráðnauðsynlegt að fylgjast vel með og finna íslensk heiti í stað þeirra ensku. Hvað Öldungadeildina varðar þá kappkostar hún að halda til haga gögnum um sögu upplýsingatækninnar á Íslandi sem er merkur þáttur í atvinnusögu þjóðarinnar. Ský hefur haldið fjöldann allan af ráðstefnum og kynnt hér ótal nýjungar á sviði tölvumála. Jafnframt hefur tímaritið Tölvumál komið út í nokkra áratugi og birtir hugleiðingar færustu tölvumanna. Þá eru ótaldir allir þeir faghópar sem starfa innan Ský. Hlutverk Ský er því afar mikilvægt.“

Gjörbreyttur heimur upplýsingatækninnar

En hvernig hefur upplýsingatæknigeirinn breyst síðan þú byrjaðir? „Í örfáum orðum þá hefur hann gjörbreytst. Nokkrar byltingar hafa orðið en þetta er efni í heila bók. Hver er t.d. munurinn á gatspjaldi og farsíma? Teljum upp heiti nokkurra tækja og tóla upplýsinga- og tölvutækninnar, sbr. skýrslugerðarvélar, stórtölvur, miðtölvur, háþrúð forritunarmál, einkatölvur, töflureiknar, gluggakerfi, mýs, hlutbundin forritunarmál, netið, netþjónar, vefurinn, vafrar, heimasíður, leitarvélar, farsímar. Þetta er þó aðeins lítið brot af því sem telja má upp sem hluta af upplýsingatækninni. Nú er talað um tölvulæsi, maður er hreinlega ekki „læs“ ef hann kann ekki á tölvu.

Félagið eins sterkt og fyrir 20 árum

Er Ský eins sterkt og það var fyrir 20 árum – er framtíð fyrir Ský? „Já, Ský er tvímælalaust eins sterkt og það var, en til þess að halda þeirri stöðu þarf þrotlausa vinnu. Það þarf að fylgjast vel með því að hlutirnir gerast hratt í „fróðtækninni“. Ég hef engar áhyggjur af framtíð Ský, því ekki mun hægja á hinni öru þróun sem verið hefur í upplýsinga- og tölvutækni á undanföllum árum þannig að ekki mun skorta verkefni.“



Í eilífri leit að réttu eðli fjölmiðlunar á Netinu

Fjölmiðlamaðurinn Þorsteinn J. Vilhjálmsson hefur haldið úti eigin vef fjölmiðli á slóðinni www.thorsteinnj.is undir heitinu **Þetta líf. Þetta líf.** síðan í ársbyrjun 2005. Á vefsetrinu hefur Þorsteinn sett fram svipmyndir úr mannlífsflórunni í stuttmyndaformi og tekið á málefnum sem ekki hafa alltaf átt greiða leið í hefðbundnari fjölmiðla. Kunnust er sjálfsagt umfjöllun Þorsteins um Ásu ömmu en heimildarmynd hans sem átti uppruna sinn á vefnum var sýnd í Ríkissjónvarpinu og vakti mikla athygli og umtal. Vefurinn hefur hlotið upphæð erlendis, var tilnefndur til Prix Europa fjölmiðlaverðlaunanna í september í fyrra.

Stöðug tilraunastarfsemi

Allir geta notið efnisins en hægt er að gerast áskrifandi að vefnum. Nýverið bætti Þorsteinn við virkni vefsins og geta nú áskrifendur sótt eldra efni, horft á efni á vefnum í fullri skjámynd og hlaðið niður efni frá vefnum í i-pod spilara. „Gott verkefni þarf stöðuga framþróun og þetta er bara liður í því.“ Hann bætir því við að hann hafi upphaflega lagt upp með að efnið myndi lifa stutt á vefnum en áskrifendur vildu geta komist í eldra efni þegar þeim sýndist svo. „Það þarf stöðugt að prófa sig áfram og sjá hvað virkar.“

Þúsundþjallasmiður að störfum

Þorsteinn sinnir öllum störfum á fjölmiðli sínum, er allt í senn, fréttamaður, þáttagerðarmaður, myndatökumaður, klippari og hljóðmaður. „Ég fór af stað í þetta verkefni svo ég gæti unnið efnið á eigin forsendum, ég vildi ekki þurfa að vera háður neinum sérstökum reglum um tímamörk eða efnistöðum, nú eða auglýsendum.“ Þorsteinn hefur látið þennan vefmiðil vaxa á orðsporinu einu saman og með honum stendur harður kjarni eitt hundrað áhugasamra áskrifenda. „Þetta dugar til þess að standa undir kostnaði eins og til dæmis húsnæðis og mér finnst mjög mikilvægt að vera ekki háður auglýsendum eða styrktaraðilum. Ég geri mér jafnframt góðar vonir um að áskrifendahópurinn fari stækkað, nú þegar tímaritinu vex stöðugt fiskur um hrygg. Það voru margir sem litu á þetta sem tilraun, sem það er alls ekki. Þetta líf. Þetta líf. er veruleiki!“

Hröð tækniþróun

Í byrjun lagðist Þorsteinn í mikla vinnu í að velja spilara sem nýttur var á vefsetrinu með það fyrir augum að gera upplifun notenda sem besta, enda segir hann markaðinn vera afar kröfuharðan. Quicktime spilarinn varð fyrir valinu hjá Þorsteini, bæði vegna þess að afspilun er í miklum gæðum og hann byrjar að spila efnið um leið og notandinn setur spilun af stað. Þar að auki hefur hann mikla útbreiðslu þar sem flestir tölvunotendur hafa sótt Quicktime spilarann með i-tunes hugbúnaðinum frá Apple. „Ég er mikill

Makkamaður en ég hefði kannski valið eitthvað annað ef Quicktime hefði ekki verið með þessa útbreiðslu. Það er greinilegt að þróunin er mjög hröð í þessum efnum á Netinu núna. Windows Media spilarinn hefur stórbátnað og svo er Flash 8 spilarinn væntanlegur en margir hafa miklar væntingar til hans. Það er hreint frábært hvað Quick time 7 spilarinn er að skila miklum gæðum, með H.264 pressun og það skilar sér mjög vel í I-pod. Þá má svo tengja beint við skjá eða sjónvarp og horfa á efnið þar. Ég held að sú sjónvarpstækni sem við erum að sjá núna, sé bara byrjunin, líkt og þegar fyrstu módemin komu og hringdu inn með tilheyrandi óhljóðum.“

Vill meiri djörfing hjá vefmiðlum

Að sögn Þorsteins eru fjölmörg ónýtt tækifæri í miðlun á Netinu hér á landi. „Mér finnst menn ekki gera nægilega mikið af því að prófa sig áfram með þennan miðil. Menn leyfa ekki sérkennum miðilsins og möguleikum hans að njóta sín. Á Netinu er hægt að framleiða og birta efni jafn óðum en það ríkir mikið tregðulögmál að koma efni að í öðrum miðlum. Það getur til

dæmis tekið marga mánuði eða jafnvel ár að koma efni í sjónvarp og framleiðendur bera oft lítið úr býtum. Þannig var þetta með umfjöllunina um Ásu ömmu, ég gat sýnt efnið strax á vefnum um leið og ég var búinn að klippa það.“

Þorsteinn telur einnig að fréttamiðlun á Netinu ætti oft að vera beinskeyttari og meira miðuð við að sýna atburði um leið og þeir gerast. „Það er alltof mikið að því að endurskapa einhverskonar bókasöfn á fréttamiðlunum, segja ítarlega frá bakgrunni atburða en það vantar oft að fara á staðinn og segja frá atburðum

og túlka þá um leið og þeir gerast. Þetta hefur reyndar breyst verulega með tilkomu NFS fréttastöðvarinnar, sem getur sent beint út af vettvangi fyrirvaralítið. En ég held að menn ættu að líta á netmiðla, sem sjálfstæðan veruleika, en ekki bara sem aukabúgrein við annan rekstur. Þetta er að renna saman við sjónvarpið og dreifingin er á heimsmælikvarða, það gildir einu hvort ég er í Madrid eða smábúðahverfinu í Reykjavík, efnið er tiltækt, núna.“





Íslenskt hugvit

alþjóðleg lausn

OpenHand: Framlenging á skrifstofuumhverfinu

OpenHand lausnin er bresk að nafninu til, en öll hugbúnaðarvinna og þróun er íslensk að uppruna. Í dag er OpenHand með söluskrifstofur og samstarfsaðila í Bretlandi, Þýskalandi og Suður Afríku. Æ fleiri fyrirspurnir berast utan úr heimi sem rennir stoðum undir frekari uppbyggingu á starfssemi OpenHand erlendis, sem og þá eftirspurn sem á markaði er eftir öðrum lausnum en þeim sem ýta gögnum yfir í endabúnað viðskiptavinar.

Í stuttu máli má segja að OpenHand sé framlenging á skrifstofuumhverfinu. Markmið OpenHand er að starfsmenn séu nánast jafnvígir á ferðinni eða inni á skrifstofu. Slíkt er hægt með aðgengi að viðeigandi gögnum á innra neti fyrirtækis og fleiri tengdum eiginleikum í OpenHand.

Virgni OpenHand

Uppbygging OpenHand er að mestu leyti byggð á svokallaðri LOUIS tækni sem Softis hannaði. Louis tæknin er hönnuð fyrir beinlínusamband milli sér forritaðra viðmótsforrita og vinnsluforrita.


Lausnin er þannig sett upp að allar aðgangsléiðir eru nýtanlegar í samskipti, allt frá upphringisambandi í farsíma til WiFi. Skiptir þar miklu máli að lausnin

er ekki keyrð yfir eigið net heldur nýtir hún TCP/IP samskipti yfir tiltækt net hverju sinni.


Til eru aðrar leiðir eins og veflausnir eða speglun gagna, en hvorug lausnin hentar vel fyrir tíða notkun eða í tilfellum þar sem upplýsingar breytast hratt. Útgangspunkturinn í þessari þróun hefur ávallt verið að ná viðunandi svartíma milli endabúnaðar (farsíma) og pósthjóns.

Líta verður til ósamræmis á milli bandbreiddar og hraða. Algengur misskilningur er sá að fylgni sé á milli þessara breyta en svo er ekki. Aukin bandbreidd gefur stærri skeyti á tímaeiningu en ekki endilega betri hringrásartíma (ping time). Þar sem samskipti í farsímakerfinu eru og verða í gegnum langar og grannar samskiptaleiðir er bakland OpenHand kjörið fyrir samskipti í slíku umhverfi. Þrátt fyrir að komin sé Edge tækni og 3G á leiðinni sem báðar eiga að margfalda gagnaflutningsmöguleika þá er uppgefin bandbreidd alltaf háð álagi á hverjum tíma.

Almenn pósthjónir eru að sama skapi ekki hönnuð fyrir kerfi með langan hringrásartíma. OpenHand býður viðskiptavinum sínum upp á pósthjónir í PC vélar sem hannað er fyrir slíkt umhverfi. Fyrir þá sem tengjast yfir GPRS í fartölvu, t.d. í sumarþústað er þessi leið hraðvirkari en notkun á hefðbundnum pósthjónum.



Mynd 1 – hugmyndafræðin á bak við LOUIS



Mynd 2 – samband bandbreiddar og tíma




Eftirfarandi jafna er útgangspunkturinn í þróun á baklandi OpenHand :
Svartími =
Gagnamagn / Bandbreidd + Földi skeyta * Umferðartími + Vinnslutími

Með því að skipta upp OpenHand kerfinu milli miðlara og biðlara tókst að skapa umhverfi þar sem hringrásartími var lágmarkaður.

Hefðbundin uppsetning OpenHand

Lausnin er einföld í uppsetningu og krefst ekki mikillar fjárfestingar í tölvubúnaði. Mælt er með því að Exchange notendur setji upp sér vél fyrir Openhand pósthjóninn á meðan Notes notendur hafa valmöguleika á að setja OpenHand upp á núverandi pósthjóni. Felst þessi munur í aðgangsstýringum í Exchange.



Yfir 200 leiðir til samskipta með OpenHand

Endabúnaður sem viðskiptavinur hefur úr að velja er fjölbreyttur. Í dag eru yfir 200 tæki sem styðja notkun OpenHand. Breiddin er mikil, allt frá minni farsímum til fullkominna lófatölva. Árlega bætast við tugir tækja sem auka enn á valmöguleika viðskiptavina.

Reynslan af tækninni

Á Íslandi eru hátt í eitt þúsund viðskiptavinir í samskiptum á ferðinni með aðstoð OpenHand. Þar á meðal eru t.d. Jarðboranir, Seðlabanki Íslands, Tryggingamiðstöðin, VÍS og Toyota.

Mynd 3 – hefðbundin uppsetning á OpenHand

Ákall

frá öldungadeild

Húsnæði fyrir sögusafnið




Öldungadeild SKÝ vinnur eins og kunnugt er að söfnun og varðveislu heimilda um sögu upplýsingatækninnar á Íslandi. Allmiklu af rituðu efni hefur verið safnað á Söguvefinn, þar sem frumkvöðlar á þessu sviði hafa rífað upp fyrstu verkefni og annað áhugavert. Áhugi er fyrir því að bjarga frá glötun ýmsum heimildum í föstu formi, vélbúnaði, verklýsingum, forritum og öðru af því tagi.

Til að slíkt verði unnt þarf Öldungadeildin að hafa aðgang að húsnæði. Brýnast er að komast yfir aðstöðu til að geyma það sem til fellur og ella myndi verða hent, en framtíðarsýnin er óneitanlega sú að geta haft eitthvað af slíkum búnaði til sýnis. Ekkert fjármagn er til reiðu, þannig að ekki eru tæk á að leigja geymslu.

Því hefur verið ákveðið að leita til félagsmanna SKÝ og annarra lesenda Tölvumála með þá málaleitan að þeir geri félaginu viðvart um húsnæði sem þeir kynnu að vita af eða ráða yfir og fánlegt væri til afnota til að minnsta kosti 3 - 5 ára. Ekki eru til áætlanir um flatarmálsþörf, og má segja að allt komi til greina. En miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja um möguleg aðföng má reikna með að allt að 100 fermetrar myndu uppfylla brýnustu þarfir í þann tíma. Ekki höfum við efni á að vera kröfuhörð um staðsetningu en rýmið þarf að vera þurt og upphitað.

Hafið vinsamlegast samband við skrifstofu SKÝ eða einhvern úr stjórn Öldungadeildar, en upplýsingar um stjórnarmenn er að finna á vef SKÝ undir Öldungadeild og fremst í þessu blaði.

Ómissandi bók!



Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands hefur nú sent frá sér 4. útgáfu Tölvuorðasafns í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag. Hugtök í orðasafninu eru um 30% fleiri en í síðustu útgáfu fyrir sjö árum.

Í Tölvuorðasafni eru nú um 7700 íslensk heiti og um 8500 ensk heiti á rúmlega 6500 hugtökum sem lúta að upplýsingatækni og tölvunotkun. Hugtökin hafa flest verið sótt í alþjóðlega staðla.

Tölvuorðasafn er í tveimur hlutum. Fyrri hlutinn er íslensk-ensk orðaskrá og er þar að finna skilgreiningar og útskýringar á flestum hugtökunum. Síðari hlutinn er ensk-íslensk orðaskrá. Þar er íslensk þýðing við hvert orð og er hún hugsuð sem tilvísun til íslensk-enska hlutans.



Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifan 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is



Eyður skrifar:

Að þurfa próf á sjónvarpið

Á dögunum fékk Eyður upphringingu frá tengdamóður sinni sem var í miklum vandræðum. Hún hafði nýlega fengið sér áskrift að stafrænu sjónvarpi hjá öðru fyrirtækinu sem býður slíkar útsendingar en núna átti hún í vandræðum. Hún gat ekki lengur nýtt VHS myndbandstækið sitt sem var af fínustu og flottustu gerð fyrir nokkrum árum síðan, ekki heldur gat hún með góðu móti nýtt sér DVD mynddiskapílara sinn. Verst þótti henni að hafa misst út möguleikann á því að horfa á aðra af ókeypis innlendu stöðvunum sem sjónvarpsunnendur á höfuðborgarsvæðinu geta fylgst með.

Mágar Eyðs höfðu báðir gert atllögu að því að tengja VHS myndbandstækið og ná inn fríu stöðinni en ekki haft erindi sem erfiði. Tengdamóðirin hafði lagt í nokkra rannsóknarvinnu og taldi líklegt að það vantaði svokallað SCART snúru á milli myndbandstækisins og sjónvarpsins.

Rétt er að taka fram að tengdamóðir Eyðs er lunkin við að nýta sér tæknina og á til dæmis heimilistölvu með öflugri nettengingu sem hún nýtir sér við leik og störf af miklum þrótti.

Kviðahnútur myndaðist í maga Eyðs enda sá hann fram á mikla baráttu við snúrur og græjur, eitthvað sem hann er ekkert sérstaklega fær í. En forsjónin greip inn í, tengdamamma virtist skynja óróleika Eyðs og læddi út úr sér að hugsanlega væri best að fá fagmann til að líta á þetta. Eyður jáknaði því enda sjálfur í mestu vandræðum með að fá stafrænar útsendingar hjá sér til að virka. Talið var leitt að öðru og sjónvarpssorgir voru geymdar þar til síðar.

Þjónusta sjónvarpsstöðva og símafyrirtækja hefur stórauðist þar sem hægt er að fá fjölda innlendra og erlendra stöðva með því að fá afruglara sem ýmist eru tengdir við örbylgjuloftnet eða við símalínu í gegnum beini (e. Router). Nýlega kom myndveita (VOD) á markaðinn sem kemur í staðinn fyrir heimsókn í myndbandaleigur. Myndveitur á Netinu eru einnig komnar til sögunnar og lengi hafa netverjar stundað að dreifa og sækja mislöglegt efni á Netinu.

Íslendingar eru duglegir að kaupa sér nýjustu tækni og horfa mikið á sjónvarp og fjölmiðlafyrirtækin hafa mikla trú á getu hins almenna viðskiptavinar til þess að nýta sér ýrustu möguleika stafrænna sjónvarpsútsendinga. Fleiri ætla sér inn á þennan markað með einum eða öðrum hætti. Internetfyrirtækið Hive ætlar sér að hefja sjónvarpsútsendingar samkvæmt vefsetri þess

og Orkuveitan og Síminn vinna eða hafa unnið að breiðbandsvæðingu heimilanna á höfuðborgarsvæðinu.

Eyður heyrði það meira segja haft eftir markaðsstjóra eins fjölmiðlafyrirtækjanna að neytendur vildu fá fleiri myndlykla inn á heimili sín. Hvort þetta sé alveg rétt haft eftir skal ósagt látið en tæknivæðingin heldur áfram af miklum krafti með tilheyrandi fjölda nýrra tækja sem þarf að kunna á og tengjast. Eyði létti því nokkuð þegar tilkynnt var um samkomulag 365 miðla og Símans um að dreifa innlendum stöðvum hvors annars.

Fleiri en einstakar tengdamæður eiga væntanlega í vandræðum með að láta tæknina virka eins og lagt er upp með. Flest heimili eiga VHS tæki, DVD tæki og síðan bætast við afruglarar fyrir Digital Ísland frá 365 eða Sjónvarp yfir ADSL sem Skjáinn býður. Í fyrrnefnda dæminu þarf að tengjast örbylgjuloftneti en í síðarnefnda er tengst beini (e. Router). Mynd- og hljóðgæði ráðast af ýmsum þáttum, til dæmis má nefna útstendingarskilyrði, tengingu við loftnet, virkni búnaðarins sem nýttur er, tengingar í gegnum allskonar snúrur eða styrk og gæði ADSL sambands ef við á.

Lendi sjónvarpsunnendur í vandræðum með þessi atriði og nái þeir ekki að leysa úr þeim sjálfir þá þurfa þeir að leita á náðir fagmanna eða þjónustufyrirtækja með tiheyrandi kostnaði og fyrirhöfn.

Það má heldur ekki gleyma því að þegar tengingu hefur verið náð þurfa notendur að átta sig á notendaskilum fyrir stafrænt sjónvarp en Eyður sem hefur bæði notað Skjáinn og Digital Ísland var í nokkra stund að átta sig á hvernig þau áttu að virka. Í báðum tilfellum höfðu sveiflur vegna útsendingarskilyrða fyrir örbylgjuloftnet og flókt á ADSL sambandi áhrif á virkni viðmótsins, mynd- og hljóðgæði.

Eyði grunar í ljósi þessa að þeir sem nái að einfalda virkni, uppsetningu og notendamiðmót stafræns sjónvarps fyrir sjónvarpsglápurum þessa lands muni ná mestum árangri á markaðnum. Í ljósi þeirrar keppni sem er um hylli neytenda hlýtur þetta verkefni að vera fjölmiðlafyrirtækjunum ofarlega í huga eða hvað?

Það vonar Eyður að minnsta kosti enda bíður hann á milli vonar og ótta eftir að heyra næst í tengdamömmu.

Síðan síðast...

Yfirlit yfir fundi og atburði hjá Skýrslutæknifélagi Íslands fyrri hluta ársins 2006

18. janúar

Fyrsti fundur starfsársins var á vegum Fókus, faghóps um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu. Hann fjallaði um notkun strikamerkja í heilbrigðisgeiranum og var haldinn á Heilsuverndarstöðinni á Barónsstíg.

19. janúar

Aðalfundur (eða skýrslufundur) Öldungadeildarinnar var haldinn á skrifstofu félagsins, Laugavegi 178. Dagskrá var skv. lögum félagsins en m.a. var fjölgað í stjórn faghópsins og er Öldungaráð nú skipað fimm félögum.

24. janúar

UT-dagurinn var haldinn í lok janúar en að honum stóðu forsætisráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, samgönguráðuneyti og fjármálaráðuneyti í samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun, Samtök upplýsingatæknifyrirtækja og Skýrslutæknifélagið. Einn af viðburðum dagsins var ráðstefna sem haldin var á Nordica hóteli undir yfirskriftinni: Tæknin og tækifærin - Ráðstefna um áhrif og ávinning, framtíðarsýn og áhugaverð verkefni stjórnvalda. Þátttakendur á ráðstefnunni voru 300.

31. janúar

UT-konur stóðu fyrir morgunverðarfundum um IP-símatækni sem tókst mjög vel. Það má segja frá því að á þennan fund mættu einnig nokkrir karlmenn.

9. febrúar

Aðalfundur Ský var haldinn á Grand hóteli Reykjavíkur og var dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins.

14. febrúar

Öldungadeildin hélt félagafund í Tæknigarði en að þessu sinni var umræðuefni fundarins fortiðin sem er í takt við megin umfjöllunarefni þessa faghóps sem er ritun og varðveisla sögu tölvunnar og upplýsingatækninnar á Íslandi.

2. mars

Hádegisverðarfundur undir heitinu Vefur 2,0 - Ertu tilbúinn? Fjölmennur fundur um forritunarmál á vefnum sem var haldinn á Grand Hóteli Reykjavíkur. Þátttakendur tæplega 130.

9. mars

Útrás UT-kvenna á Kaffi Sólón, en Edda Björgvins spjallaði á léttum nótum um bit & bite.

16. mars

Hádegisverðarfundur á Grand hóteli um framfarir í opinberri þjónustu, en fundurinn var haldinn í samstarfi við dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Á fundinn komu rúmlega 130 manns.

23. mars

Fókus ráðstefna um rafræna sjúkraskrá – Til hvers og fyrir hvern? Hálf dagsráðstefna haldin á Grand hóteli. Þátttakendur voru um áttatíu. Fengum fyrirlesara frá Bretlandi, John Bryden, en hann er stjórnarmaður í EFMI, sem eru Evrópusamtök upplýsingatæknifólks í heilbrigðiskerfinu.

25. apríl

Öldungadeildin hélt félagafund þar sem málefni húsanefndar voru m.a. rædd en að þessu sinni var fundurinn haldinn hjá Skýrr.

26. apríl

Aðalfundur UT-kvenna haldinn í Háskólanum í Reykjavík. Í tilefni aðalfundarins var svo fenginn fyrirlesari til að halda erindi undir yfirskriftinni: Vilja konur (ekki) vera nördar?

5. maí

Hugbúnaðarlausnir fyrir þjónustu- og eða símaver voru kynntar á hálf dagsráðstefnu á Nordica föstudaginn 5. maí. Sjö fyrirtæki kynntu sínar lausnir en jafnframt sögðu fyrirtæki reynslusögur. Í lokin var svo sýning á ákveðnum lausnum og léttar veitingar.

17. maí

Fókus fundur um Snomed í samvinnu við nám í upplýsingatækni á heilbrigðissviði við HÍ undir yfirskriftinni: Aðferðafræði við vörpun hugtaka yfir í Snomed CT. Fundurinn var haldinn í Eirbergi.

1. júní

Hádegisverðarfundur um langtíma varðveislu gagna þar sem spurt var: Verða gögnin þín enn læsileg árið 2046?



XEROX BUSINESS
PARTNER


Svarthvítt er svo 2005!

EJS er XEROX Business Partner, umboðs- og þjónustuaðili fyrir XEROX prentlausnir. Við eigum framúrskarandi heildarlausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og förum létt með að samþætta tölvubúnað, netlausnir, prentara og ljósritunarbúnað frá fremstu framleiðendum heims.

Ekki sætta þig við litlausa tilveru. Komdu til okkar á Grensásveg 10 og sjáðu svart á hvítu nákvæmlega af hverju XEROX hentar þér.

Frekari upplýsingar um XEROX prentlausnir færðu á www.ejs.is eða í síma 563 3000

XEROX®

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000 TÖL FÓNUM Á 463 3000





Opið eftir lokun!

Með lengri afgreiðslutíma tryggir Þjónustuver Landsbankans þér meira svigrúm til að sinna bankamálum símleiðis.

Í Þjónustuverinu getur þú m.a.:

- Fengið upplýsingar um stöðu reikninga, millifært og greitt reikninga
- Pantað gjaldeyri sem afgreiddur er í Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Fengið upplýsingar um víðtæka þjónustu Landsbankans

Þjónustuverið er opið alla virka daga frá kl. 8–21 og 11–16 laugardaga



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is